

SJÓNVARPSVÍSIR

4. töl. | Apríl 2014

ÁSGEIR ERLENDS
rannsakar íslenska
ástríðuglæpi

GAME OF THRONES
í íslenskri náttúru

MASTERS Í BEINNI
á Golfstöðinni

Fyrsti þáttur
undanúrslita í
opinni dagskrá
á sunnudag

ÍSLAND GOT ★ TALENT



Glæsileg
páska-
dagskrá

ÚRSLITIN Í STÆRSTA SJÓNVARPSVIÐBURÐI ÁRSINS

**Hver í þessum hópi
fær 10 milljónir króna?**



Fáðu þér áskrift!

365.IS

KEPPENDUR Í FYRSTA ÞÆTTI

Jón Arnór Pétursson (7) töframaður

Jón Arnór er í Kelduskóla í Grafarvogi. Hann æfir fótbolta, lærir á gítar og hefur stundað nám við Söngskóla Maríu Bjarkar. Jón Arnór æfir einnig fimleika og hefur gaman af því að galdra í boðum.

Arnar Logi Hákonarson (18) Agnes Sólmundsdóttir (16) söngur, gítar og fiðla

Arnar og Agnes koma frá Þingeyri. Saman unnu þau Vestfjarða-Samfés. Arnar stundaði gítarnám í 5. til 10. bekk og er duglegur að halda sér í æfingu. Agnes syngur og hefur spilað á fiðlu frá sex ára aldri.

Iðunn Einarsdóttir (15) söngur og gítar

Iðunn er í 9. bekk Réttarholtsskóla. Hún æfir fótbolta og fiðlu og hefur mjög gaman af því að spila á gítar.

Karitas Harpa Davíðsdóttir (23) söngur

Karitas hefur sungið frá blautu barnsbeini. Hún hefur tekið þátt í ýmsum söngvakeppnum og uppsetningu söngleiks í fjölbraut. Karitas komst inn í Musical Theatre-háskólann í Bandaríkjunum en fór ekki til náms sökum þess hve námið var dýrt.

Elvar Kristinn Gapunay (12) Sara Lind Guðnadóttir (12) dans

Elvar og Sara eru úr Reykjavík og Kópavogi. Þau byrjuðu í dansi fjöggu ára gömul og eru margfaldir Íslands og bikarmeistarar, hafa unnið yfir fimmtíu gullverðlaun og unnu Hæfileikakeppni Íslands 2011.

Swaggerific (16 til 25 ára) dans

Meðlimir Swaggerific hafa dansað saman í tvö ár, tekið þátt í mörgum danskeppnum, sýnt á fjölda sýninga og kennt í ýmsum dansskólum. Swaggerific er fyrsti danshópurinn til að vinna Street Dance-keppni sem haldin var af Dansskóla Brynju Péturs árið 2012.

Alexander Aron Guðbjartsson (34) söngur og gítar

Alexander tók þátt í þriðju seríu af Idol –Stjörnuleit, semur eigin tónlist og kemur fram sem trúbadur. Hann skráði sig í Ísland Got Talent en hugðist hætta við. Dóttur hans mislíkaði sú ákvörðun og hvatti föður sinn áfram.



HVER HEFUR 10 MILLJÓNA KRÓNA HÆFILEIKA?

Nú tekur við alvara lífsins hjá keppendum Ísland Got Talent. Fyrsti þáttur undanúrslita verður í beinni útsendingu á Stöð 2 næsta sunnudagskvöld en eftirtalin atriði hafa tækifæri á að keppa um 10 milljóna króna verðlaun næstu þrjú sunnudagskvöld.

KEPPENDUR Í ÖÐRUM ÞÆTTI

Höskuldur Þór Jónsson (15) Margrét Hörn Jóhannsdóttir (15) dans

Saman hafa þau æft dans í áratug, æfa hjá DÍK, minnst fimm sinnum í viku. Höskuldur og Margrét hafa unnið marga Íslandsmeistararitla, keppt erlendis og náðu sínum besta árangri í barna- og unglingskeppni í Blackpool 2010 þar sem þau unnu til fernra silfurverðlauna.

Ásta Björnsdóttir (31) söngur

Mosfellingurinn Ásta er gift, tveggja barna móðir sem vinnur hjá NorPak og lærir viðskiptafræði við HÍ. Hún syngur mikið en nú í fyrsta sinn opinberlega.

Páll Valdimar Guðmundsson (22) jójó

Hafnfirðingurinn Páll hefur æft jójó í níu ár og lenti í fjórða sæti á EM í fyrra. Heimsmeistarinn í jójó, sem byrjaði að æfa fyrir fimm árum, hefur mikið fylgst með Páli og tekið upp fullt af trixum hans.

Óma Rómar (22-33 ára) sönghópur

Í sönghópnum eru tveir strákar og tvær stelpur sem eiga sameiginlegt að vera að norðan og hafa verið í kór Menntaskólans á Akureyri. Þau byrjuðu að syngja saman síðasta vetur en koma fram sem hópur í fyrsta sinn núna.

Helga Haraldsdóttir (21) söngur og gítar

Helga býr á Akranesi og hefur lengi verið með uppistand en hún byrjaði á uppistandinu þegar hún var í Fjölbrautaskólanum á Akranesi.

Laufey Lín Jónsdóttir (14) söngur og píanó

Laufey Lín vann sín fyrstu verðlaun átta ára gömul í píanókeppni Washington DC, kenndri við Duke Ellington, og í fyrra vann Laufey þriðju verðlaun í sínum flokki í píanókeppni EPTA. Laufey og tvíbúrasystir hennar, Júnía Lín, unnu Samfés í ár.

Ásta Kristín Marteinsdóttir (22) listdans á súlu

Ásta hefur æft súludans í eitt og hálf ár. Hún keppti á Evrópumeistaramóti í fyrra og lenti í 28. sæti af 35. Ásta á fjögurra ára dóttur og er nýútskrifuð doula, sem er stuðningskona vö fæðingu, meðgöngu og brjóstgjöf.



Kom sjálfri sér á óvart

Söngkonan og leikstjórinn Selma Björnsdóttir sér um listræna útfærslu atriða í Ísland Got Talent.

„Til að ná árangri sem listamaður ræður úrslitum að hafa „talent“ því hæfileikalaus kemst maður ekki langt. Í hæfileikunum liggur grundvöllurinn, en líka því að vera á réttum stað á réttum tíma og hafa heppnina með sér,“ segir Selma sem sér um listræna útfærslu atriða hjá keppendum í Ísland Got Talent.

Selmu til halds og trausts er listrænt teymi skipað þeim Vigni Snæ Vígússyni tónlistarmanni og stílistunum Margréti og Hörpu Einarsdætrum.

„Saman hjálpum við keppendum að færa atriðin yfir á næsta stig, gefum hugmyndum þeirra vængi og finnum listrænar úrlausnir í samræmi við óskir þeirra um klæðaburð, leikmuni, bakraddasöngvara, dansara eða hvað annað sem viðkemur lokaútfærslum atriðanna.“

Selma segir langflesta keppendur hafa skýrar hugmyndir um útfærslu atriða sinna, enda sé mikið í húfi.

„Endanleg útfærsla verður alltaf í höndum keppendanna sjálfra en okkar er að vera til staðar fyrir þá, skiptast á hugmyndum, uppfylla óskir þeirra og mæta þeim á miðri leið.“

Dýrmætt tækifæri

Frá og með næsta sunnudagskvöldi verður Ísland Got Talent sýnt í beinni útsendingu.

„Þá skiptir miklu hvernig til tekst og kemur í ljós hverjir standast álagið. Mér líst mjög vel á keppendurna og forvitnilegt að sjá hvernig áhorfendur koma til með að kjósa,“ segir Selma um ólík atriðin sem krefjast mismunandi nálgunar.

„Sum atriðin eru nánast fullmótuð en þó þarf að huga að tónlist, myndvinnsla, búningum og fleiru sem við sinnum eftir bestu getu.“

Selma segir mikilvægt fyrir upprennandi listamenn að fá tækifæri til að spreyta sig.

„Sjálf hóf ég ferilinn sem dansari en fékk svo óvænt tækifæri í söngprufu fyrir söngleik og komst að því að ég gæti líka sungið. Þannig leiðir tækifæri á einu sviði mann iðulega á aðrar brautir og oftar en ekki kemur maður sjálfum sér á óvart.“

Selma segir hæfileikabætti á borð við Ísland Got Talent vera afbrigðis kynningu á hæfileikum fólks og vonandi verði úr flott tækifæri.

„Þótt aðeins einn geti unnið keppnina styrkir hún aðra þátttakendur, gefur þeim byr undir báða vængi og dýrmætt samþykki fagfólks fyrir hæfileikum þeirra með hvatningu um að halda áfram.“



KEPPENDUR Í ÞRIÐJA ÞÆTTI



Brynjar Dagur Albertsson (15)
dans

Hafnirðingurinn Brynjar er í Hvaleyrarskóla. Hans aðal áhugamál er street-dans og hann æfir breik af kappi í Kramhúsinu og hip hop í Dansskóla Brynju Péturs.




Hermann Helenuson (14)
töframaður

Hermann hefur haft áhuga á töfrabrogðum frá barnaldri og notið aðstoðar frá fyrirmynd sinni, Einari Mikael töframanni. Hann æfir sig daglega og nýtir hvert tækifæri til að sýna töfrabrogð. Hermann á sér draum um að starfa sem töframaður.



Perla Steingrímisdóttir (16)
Brynjar Björnsson (17)
dans

Brynjar og Perla eru Íslandsmeistarar í suður-amerískum dönsum í flokki ungmenna 16-18 ára og eitt efnilegasta danspar Norðurlanda í sínum aldursflokki.



Alexander Smári Kristjánsson Edelstein (15)
píanó

Öll fjölskylda Alexanders Smára er í tónlist og pabbi hans tónlistarkennari. Alexander býr á Akureyri og á tvíbura-bróður. Hann hefur mikinn áhuga á snjóbrettum og æfir handbolta.



Aron Hannes Emilsson (17)
söngur

Aron var valinn Jólástjarna Björgvins 2011 og söng á Jólagestum Björgvins með mörgum helstu söngvurum landsins. Hann hóf að spila á gítar fyrir þremur árum og er í hljómsveitinni Polaroids frá Grundarfirði.



Snorri Eldjárn Hauksson (23)
söngur

Dalvíkingurinn Snorri býr á Akureyri og stundar nám á sjávarútvegssviði við Háskólann á Akureyri. Hann hefur mikinn áhuga á söng og leiklist og æfir fótbolta og frjálssar íþróttir.



Elva María Birgisdóttir (11)
söngur

Elva hóf sex ára gömul fiðlunám og lærir enn á fiðlu. Hún fékk níu ára hlutverk í Vesalingunum í Þjóðleikhúsinu, ári seinna í Dýrunum í Hálsaskógi og um jólin tók hún þátt í jólaleikriti Skoppu og Skríttlu. Elva hefur einnig leikið í kvikmyndum.



Mr. Norrington (17)
sönghópur

Meðlimir Norringtons eru þrjú strákar á 17. aldursári. Þeir hafa sungið saman síðan 2011 og tekið þátt í Hæfileikakeppni Íslands. Allir eru í framhaldsskóla og hafa mikinn áhuga á söng og listum.

ÞJÓÐIN HEFUR VALDIÐ

Hingað til hafa dómaramenn haft öll völd í Ísland Got Talent en núna er hins vegar komið að íslensku þjóðinni. Í undanúrslitabáttunum og á sjálfu úrslitakvöldinu verður hægt að kjósa sitt uppáhaldsatriði frá því að fyrsta atriðið fer í loftið. Hægt er að kjósa með því að senda SMS eða hringja í símanúmer sem er merkt hverju atriði fyrir sig. Það atriði sem hlýtur flest atkvæði í símakönnuninni kemst beint áfram í úrslitabáttinn. Dómnefndin velur svo úr þeim atriðum sem lenda í öðru og þriðja sæti.

Nálgast viðkvæm mál af varfærni

Sjónvarpsmaðurinn Ásgeir Erlendsson hefur umsjón með heimildarpáttaröðinni Íslenskir ástríðuglæpir sem hefur göngu sína á Stöð 2 sunnudaginn 27. apríl. Þættirnir verða fimm talsins og verða jafn mörg mál til umfjöllunar.

Ásgeir segir það helst einkenna ástríðuglæpi að tilfinningatengsl eru á milli gerenda og þolenda „Í flestum tilfellum spilar tilfinningahiti stórt hlutverk. Oft er það svo að annar aðilinn telur á sér brotið og geta afleiðingarnar orðið ófyrirsjáanlegar. Í sumum málanna er bakgrunnur gerandans ekki hefðbundinn fyrir afbrotamann þar sem um venjulegt fjölskyldufólk er að ræða sem fyrirfram hefði ekki talist líklegt til að fremja glæp,“ segir Ásgeir.

Hann segir mikla áherslu lagða á að nálgast viðfangsefnið af nærgætni. „Við höfum tekið okkur góðan tíma í að framleiða þættina og erum að vanda okkur. Þetta eru allt mjög viðkvæm mál og við

höfum nálgast þau af virðingu og nærgætni.“

En hvað vakti áhuga þinn á þessum málum? „Þegar ég lagði stund á sálfræði í Háskólanum í Reykjavík las ég mér nokkuð mikið til um ástríðuglæpi í réttarsálfræði. Það sem vakti áhuga minn þá var í raun sú staðreynd að oft er gerandinn ekki með hefðbundinn „prófil“ afbrotamanns og gæti þess vegna verið ég eða þú.“

Þættirnir Mannshvörf og Óupplýst lögreglumál í umsjón Helgu Arnardóttur vöktu mikla athygli á Stöð 2 í fyrra. Íslenskir ástríðuglæpir verða í svipuðum anda en málin eru þó frábrugðin að því leyti að í öllum þáttunum er um manndrapsmál að ræða.



2 ÍLENSKIR ÁSTRÍÐUGLÆPIR
HEFST 27. APRÍL

Hasarinn heldur áfram

Bílapátturinn Á fullu gazi hefur göngu sína á ný í apríl. Þættirnir verða með breyttu sniði frá síðustu þáttarröð en hasarinn og fjörið verður á sínum stað. Fjörugir þættir fyrir alla fjölskylduna.

Ný þáttarröð af bílapættinum Á fullu gazi hefst 22. apríl. Fyrsta þáttarröðin var sýnd fyrr í vetur og vakti athygli fyrir fjörug og skemmtileg efnistöð. Sem fyrr eru það Sigríður Elva Vilhjálmsdóttir og Finnur Thorlacius sem hafa umsjón með þáttunum sem verða með talsvert breyttu sniði frá síðustu þáttarröð. Minni áhersla verður lögð á keppni milli liða og meiri áhersla lögð á að kynna fjölbreytt úrval farartækja. Sigríður segir að upptökur hafi gengið vel þótt íslenska vetrarveðrið hafi ekki alltaf verið samvinnuþýtt. „Það er kannski ekki góð hugmynd að taka upp þátt um mótorsport í upphafi árs á Íslandi. Við þurftum stundum að bíða inni í bíl og horfa á vonda veðrið út um gluggann en þetta reddaðist nú samt allt saman. Helstu breytingar frá fyrrri seríu eru þær að nú einblínum við á allar gerðir vélknúinna farartækja, ekki bara bíla. Engin faratæki verða okkur óviðkomandi.“ Flugáhugi Sigríðar fær svo sannarlega að njóta sín í þáttunum en meðal þess sem Sigríður prófar er fisflug og listflug.

Ýmsir aðrir skemmtilegir dagskrárliðir eru í pípuunum, að sögn Sigríðar, sem of snemmt er að segja frá. „Þó má nefna að Saga Garðarsdóttir leikkona og Guðlaugur Þór þingmaður snúa aftur en þau kepptu saman sem lið í rallíkeppni síðustu þáttaraðar eins og áhorfendur muna vel eftir. Saga er ekki með bílpróf og við ætlum að kenna henni á bíl í þessari þáttarröð. Guðlaugur Þór mun fara með hana í æfingaakstur en tók fram að líklega þyrfti hann róandi fyrir þann akstur. Ég hef fulla trú á því að hún geri einhvern massífan skandal.“ Einnig nefnir hún stór-

skemmtilega keppni þar sem hjólréiðamaður er látinn keppa við jeppa í keppni niður Úlfarsfellið.

Einn liður þáttanna er heimsóknir Finns í erlendar bílaverksmiðjur. Í fyrsta þættinum heimsækir hann Porsche-verksmiðjuna í Þýskalandi og prufukeyrir Macan-jepplinginn. Einnig verður fjallað um rafbílavæðinguna héraendis og skoðað hvað er í boði fyrir íslenska neytendur. „Seinna í þáttaröðinni skoðum við rafbíl sem verið er að smíða í Háskóla Íslands. Billinn tekur þátt í keppni erlendis í sumar en þetta er þriðja árið í röð sem skólinn sendir bíl í þá keppni.“

Önnur nýjung sem boðið verður upp á er umfjöllun um neytendamál. „Þar munum við fjalla um fjölbreytt efni. Meðal annars munum við skoða nýja bíla og bera saman gæði þeirra. Það verður því svo sannarlega farið um víðan völl á nýju þáttaröðinni og ég get lofað stórskemmtilegum og fjörugum þáttum.“



2 Á FULLU GAZI
HEFST 22. APRÍL

Eldað og spjallað

Eva Laufey Kjaran Hermannsdóttir byrjar með nýjan matreiðslubátt, Höfðingjar heim að sækja, á Stöð 2 þann 28. apríl.

Eva Laufey hefur vakið nokkra athygli undanfarin misseri. Fyrst fyrir matarblogg sitt evalaufeykjaran.com, þá matreiðslubók sína Matargleði Evu og loks matreiðslubátt sinn á Stöð 3, í eldhúsinu hennar Evu. Nú bætist enn ein skrautfjöðrin í hatt þessa viðkunnlega ástríðukokks en nýir matreiðslubættir hennar, Höfðingjar heim að sækja, fara af stað á Stöð 2 þann 28. apríl.

Eva Laufey segist hafa lært margt af þætti sínum á Stöð 3. „Þetta var mjög skemmtilegt og góð reynsla,“ segir Eva Laufey sem sá þó eftir á margt sem hún hefði viljað gera öðruvísi. „Það er eins og með allt sem maður er að gera í fyrsta skipti, maður getur alltaf bætt sig og þarf að læra af reynslunni,“ segir hún glaðlega. Viðbrögðin við þættinum voru þó flest afar jákvæð. „Ég fékk fín viðbrögð og fólk sendi mér pósta á blogginn mínu. Mér finnst það mjög gott og krúttlegt þegar fólk gefur sér tíma til að segja falleg orð, það hvetur mann áfram.“

Fer í heimsóknir

Í nýja þættinum hennar Evu eru allt aðrar áherslur en voru á Stöð 3. „Í þetta sinn elda ég ekki ein heldur mun ég fara í heimsóknir og spjalla við fólk,“ lýsir Eva Laufey sem mun heimsækja fólk á borð við Hrefnu Sætran og Gísla Marteín Baldursson í þáttunum. „Þá heimsækjum við Önnu Svövu Knútsdóttur en hún ætlar meðal annars að búa til ís með okkur, en hún og unnusti hennar

reka ísbúðina Valdísi,“ segir hún. Einnig verður skyggst á bak við tjöldin hjá tímaritinu Gestgjafanum. „Þar mun ég forvitnast um hvernig hugmyndirnar verða til og vinnsluna í kringum myndatökur og annað.“

Öll vinna í kringum þættina er mun meiri en Eva hefur áður kynnst. „Við erum nokkur saman sem vinnum að hugmyndunum og svo er ég með gott og reynslumikið teymi í kringum mig sem sér um framleiðslu og vinnslu þáttanna. Það fyllir mann miklu öryggi,“ segir hún.

Fyrsti þátturinn af Höfðingjar heim að sækja verður 28. apríl og fyrstu gestgjafar Evu Laufeyjar verða þeir Svavar Örn Svavarsson hárgreiðslumeistari og Daníel Örn Hinriksson en þeir eru miklir sælkerar að sögn Evu Laufeyjar.

Á von á stúlku í júní

Eva Laufey gengur með sitt fyrsta barn en hún og unnusti hennar, Haraldur Haraldsson, eiga von á lítilli stúlku í lok júní. „Meðgang-an hefur gengið afskaplega vel þó fyrstu mánuðirnir hafi verið erfiðir enda mikið að gera,“ segir Eva Laufey sem er sett 30. júní en síðasti þátturinn fer í loftið þann dag. „En við verðum búin að taka upp töluvert áður, þannig að ég mun ekki eiga óvænt í beinni,“ segir hún og hlær.



2 HÖFÐINGJAR HEIM AÐ SÆKJA
HEFST 28. APRÍL

Mannlegu sögurnar

Kristján Már Unnarsson, reyndasti fréttamaður á Stöð 2, hefur mikinn áhuga á náttúru Íslands og ekki síður mannlífinu. Hann fer um land allt í þáttum sínum og heimsækir áhugavert fólk.

„Ég hef gaman af því að ferðast og held ég hafi séð hvern einasta sveitabæ á landinu,“ segir hann. Þegar Kristján er spurður hvort hann sé nokkurn tíma heima hjá sér, svarar hann að konan hans fái oft þessa spurningu. „Við nýtum ferðirnar og tökum upp nokkra þætti í einu. Það lítur þannig út að ég sé alltaf á ferðinni en svo er ekki,“ segir hann.

Kristján er kvæntur Þorgerði Sigurðardóttur sjúkraþjálfara og eiga þau fjórar dætur og einn son. Það er því nóg að gera heima líka. Kristján segir að áhugi hans á landsbyggðinni hafi vaknað þegar hann hóf störf á Dagblaðinu tvítugur að aldri. „Jónas Kristjánsson ritstjóri lagði ríka áherslu á að við værum í góðum tengslum við allt landið og

færum reglulega í vinnuferðir. Ég hef því frá fyrstu tíð sótt fréttir frá öllu landinu og horft víðar en bara á höfuðborgarsvæðið. Þegar ég byrjaði á Stöð 2, þegar hún var ársögmul, hélt ég áfram að sækja fréttir út á land. Þótt ég sé að vinna við dagskrárgerð leita ég eftir fréttum og margt af efninu ratar í fréttatíma. Hins vegar fæ ég lengri tíma til að gera efninu skil í lengri þáttum. Það eru fréttir á bak við margar mannlegar sögur og þetta er þakklátt efni.“

Það er ekki nóg með að Kristján hafi komið í alla dali landsins heldur hefur hann einnig heim-sótt ýmsar eyjar í kringum landið. „Ég fór í Gríms-ey fyrir nokkrum árum, einnig hef ég komið í Æðey, Vigur og Flatey ásamt fleiri eyjum,“ segir hann. Fyrir utan vinnuferðir nýtir hann fríin til að fara í göngur um sveitir landsins ásamt eiginkonu og hópi gönguvina.



2 UM LAND ALLT
PRIÐJUDAGA

BROT AF ÞVÍ BESTA 30. MARS – 5. APRÍL

SUNNUDAGUR 30. MARS

Steindinn okkar – bestu atriðin
Stöð 2 kl. 19.10



Rifjuð eru upp bestu atriðin úr grínþáttunum Steindinn okkar. Þættirnir verða sýndir í opinni dagskrá.

The Following (10:15)

Stöð 2 kl. 22.40

Ryan og Max reyna að hafa uppi á Joe sem er kominn með meiri völd í sértrúarsöfnuðinum.

Formúla 1

Stöð 2 Sport kl. 07.30

Bein útsending frá öðrum Formúlu 1 kappakstri ársins og að þessu sinni fer keppnin fram í Malasíu.

Enska úrvalsdeildin

Stöð 2 Sport 2 kl. 14.50



Bein útsending frá stórleik Liverpool og Tottenham Hotspur í ensku úrvalsdeildinni. Fær Gylfi Sig tækifæri til að spreya sig á Anfield?

Brickleberry

Stöð 3 kl. 20.30

Fyrsti þátturinn í annarri þáttaröð um þjóðgarðsverðina í Brickleberry-þjóðgarðinum.

Magic Mike

Bíóstöðin kl. 22.00 og 04.25

Gamanmynd frá 2012 með Channing Tatum og Matthew McConaughey í aðalhlutverkum.

ParaNorman

Krakkastöðin kl. 19.00



Skemmtileg og spennandi teiknimynd um ungan og útskúfúðan stráka sem heitir Norman, en hann býr yfir þeim merkilega eiginleika að geta talað við hina framliðnu!

Kia Classic

Golfstöðin kl. 23.00

Bein útsending frá lokahringnum á Kia Classic-mótinu sem er hluti að PGA-mótaröð kvenna.

MÁNUDAGUR 31. MARS

The Politician's Husband (3:3)
Stöð 2 kl. 21.00



Lokahlutinn í þessari vönduðu bresku þáttaröð með David Tennant og Emily Watson í aðalhlutverkum.

Stóru málin

Stöð 2 kl. 19.20

Fjallað er á beinskeittan hátt um stóru málin í pólitíkinni. Umsjónarmenn eru Lóa Pind og Heimir Már.

The Americans (4:13)

Stöð 2 kl. 22.00



Önnur þáttaröðin um rússnesku njósarana Phillip og Elizabeth sem sigla undir fölsku flaggi í Bandaríkjunum og njósna fyrir KGB á dögum kalda stríðsins.

Enska úrvalsdeildin

Stöð 2 Sport 2 kl. 18.50

Bein útsending frá leik Sunderland og West Ham. Allir leikir helgarinnar eru gerðir upp í Messunni klukkan 21.00.

Glee (9:22)

Stöð 3 kl. 20.45

Unglingarnir í Glee-klúbbunum eru mættir aftur og það er eitthvert ósætti í hópnum.

Spanglish

Bíóstöðin kl. 11.30 og 17.45



Rómantísk og einkar ljúf gamanmynd fyrir alla fjölskylduna með Adam Sandler í aðalhlutverki.

Game of Thrones (9:10)

Gullstöðin kl. 21.00

Upprifjun á fyrri þáttaröðum heldur áfram á Gullstöðinni. Ný þáttaröð hefst á Stöð 2 mánudaginn 7. apríl.

Búi og Símon

Krakkastöðin kl. 19.00

Skemmtileg teiknimynd um vinina Búa og Símon sem leita að stolnum töfrasteini.

ÞRIÐJUDAGUR 1. APRÍL

Geggjaðar græjur
Stöð 2 kl. 20.10



Skemmtilegur þáttur þar sem fjallað er um nýjstu græjur og afrek á sviði vísinda. Umsjónarmenn eru Bjarni og Davíð Hedtoft Reynissynir.

Mike & Molly (9:23)

Stöð 2 kl. 20.30

Gamanþáttaröð um turtildúfurnar Mike Biggs og Molly Flynn. Það skiptast á skin og skúrir í sambandinu og ástin tekur á sig ýmsar myndir.

The Mentalist (15:22)

Stöð 2 kl. 20.50



Van Pelt er rænt af morðingja sem er illa við liðsmenn CBI-sveitarinnar. Jane leggur allt í sölu til að finna hana áður en það er um seinan.

Þriðjudagskvöld með Frikka Dór

Stöð 3 kl. 21.05

Friðrik Dór stjórnar þessum fjölbreytta og skemmtilega þætti, honum til halds og trausts er Ásgrímur Geir Logason.

Southland (2:10)

Stöð 3 kl. 22.15

Þriðja þáttaröðin af þessum stórgóðu löggubáttum. Þetta eru hráir og flottir þættir um líf og störf lögreglusérsveitarinnar í Los Angeles.

Lærkevej (1:10)

Gullstöðin kl. 22.45



Dönsk þáttaröð um þrjú systkini í Kaupmannahöfn sem flýja úr stórborginni og finna sér griðastað í úthverfi þar sem allir eiga leyndarmál.

A Dangerous Method

Bíóstöðin kl. 22.00

Dramatísk mynd frá 2011 með Keira Knightley, Viggo Mortensen, Michael Fassbender og Vincent Cassel í aðalhlutverkum.

Ísland Got Talent

Stöð 2 sunnudag kl. 19.45

Það er komið að stóru stundinni í Ísland Got Talent. Nú hefjast undanúrslitin í beinni útsendingu frá Austurbæ og nú færast valdið til áhorfenda heima í stofu sem geta valið sitt uppáhaldsatriði í símakosningu. Það eru sjö atriði sem koma fram í fyrsta undanúrslitabættinum og þar á meðal eru söngvarar og hljóðfæraleikarar, ungt danspar, stór danshópur og bráðefnilegur töframaður. Ómissandi skemmtun fyrir alla fjölskylduna.

MÍÐVIKUDAGUR 2. APRÍL

Léttir sprettir (8:9)

Stöð 2 kl. 20.30



Hjólamenningin er orðin töluvert fjölbreyttari á Íslandi í dag en áður. Ríkka kynnis sér ólíka anga hjólreiðamenskunnar og hittir fyrir hresst fólk sem stundar þá íþrótt. Hún kynnis sér einnig þann búnað sem til þarf og ólík hjól sem eru í boði.

Grey's Anatomy (17:24)

Stöð 2 kl. 20.50

Cristina þarf að taka stóra ákvörðun og sér fyrir sér hvaða áhrif mismunandi ákvarðanir hefðu á líf hennar. Á sjúkrahúsinu þarf sjúklingur að ákveða hvort hann vilji lifa eða deyja.

Revolution (6:22)

Stöð 3 kl. 20.10

Charlie, Rachel og Gene efast um hollustu Monroe og Miles er á varðbergi gagnvart fyrrverandi félaganum sínum.

Arrow (17:24)

Stöð 3 kl. 20.50

Önnur þáttaröðin um ungan milljónamæring og glaumgosa sem berst gegn glæpum og spillingu í skjóli nætur.

Twenty Four (1:24)

Gullstöðin kl. 21.00



Jack Bauer er mættur til leiks á Gullstöðinni öll kvöld kl. 21.00. Hitað upp fyrir glænýja seríu sem hefst í maí á Stöð 2.

Chuck (1:13)

Gullstöðin kl. 21.50

Skemmtilegir spennuþættir um ósköp venjulegt nörd sem kemst óvænt yfir hættulegustu leyndarmál CIA.



FIMMTUDAGUR 3. APRÍL

Lífsstíll
Stöð 3 kl. 19.30



Theodóra Mjöll Skúladóttir fjallar um allt sem tengist tísku, hönnun og lífsstíl.

American Idol (24:37)
Stöð 3 kl. 20.00
Glæsilegir keppendur í vinsælasta skemmtipætti allra tíma. Núna verða þeir söngvarar sem eftir eru að sýna hvað í þeim býr.

The Blacklist (18:22)
Stöð 2 kl. 21.10



Reddington leiðir alríkislögregluna á spor manns sem gengur undir dulnefninu „útfarastjórinn“ en hans sérgrein er að sannfæra venjulegt fólk um að myrða fyrir peninga.

Evrópudeildin
Stöð 2 Sport kl. 19.00
Bein útsending frá leik AZ Alkmaar og Benfica í 8 liða úrslitum Evrópudeildarinnar. Aron Jóhannsson og Jóhann Berg Guðmundsson leika með AZ Alkmaar.

Fire With Fire
Bíóstöðin kl. 22.00



Spennumynd frá 2012 með Josh Duhamel, Bruce Willis og Rosario Dawson í aðalhlutverkum.

FÖSTUDAGUR 4. APRÍL

Spurningabomban
Stöð 2 kl. 19.45



Logi Bergmann Eiðsson stýrir fjörunu á föstudagskvöldum. Spurningabáttur fyrir alla fjölskylduna.

Men in Black 2
Stöð 2 kl. 20.35
Skemmtileg ævintýramynd frá 2002 með Will Smith og Tommy Lee Jones í aðalhlutverkum.

The Paperboy
Stöð 2 kl. 22.05



Spennandi mynd frá 2012 með Zac Efron, Nicole Kidman, Matthew McConaughey og John Cusack í aðalhlutverkum.

Sons of Anarchy (1:13)
Stöð 3 kl. 21.35
Stórgóð þáttaröð um meðlimi í mótorhjólaklúbbi sem reyna að vernda heimabæ sinn fyrir dópsólum á sama tíma og þeir eru sjálfir að sinna vopnasölu.

World Without End (1:8)
Gullstöðin kl. 21.45



Stórbrotin þáttaröð sem byggð er á samnefndri metsölubók eftir Ken Follett.

The Place Beyond the Pine
Bíóstöðin kl. 22.00
Dramatísk spennumynd frá 2012 með Ryan Gosling, Bradley Cooper og Evu Mendes í aðalhlutverkum.

LAUGARDAGUR 5. APRÍL

Another Cinderella Story
Stöð 2 kl. 19.45



Rómantísk kvikmynd þar sem dans og tónlist spila stór hlutverk. Aðalhlutverkin leika Selena Gomez og Drew Seeley.

Snitch
Stöð 2 kl. 21.15



Spennumynd frá 2013 með Dwayne Johnson í hlutverki föður sem leggur allt í sölu til að bjarga unglingsyni sínum frá því að lenda í fangelsi.

Enska úrvalsdeildin
Stöð 2 Sport 2 kl. 11.35
Þrjú toppleikir í röð. Fyrst Manchester City gegn Southampton kl. 11.35, síðan Newcastle gegn Manchester United kl. 13.50 og loks Chelsea gegn Stoke kl. 16.20.

NBA
Stöð 2 Sport kl. 23.00
Bein útsending frá leik Washington Wizards og Chicago Bulls.

Giv'em Hell Malone
Stöð 3 kl. 21.55



Spennumynd um einkaspæjara sem berst við glæpagengi. Aðalhlutverkið leikur Thomas Jane.

The Art of Getting By
Bíóstöðin kl. 20.35
Freddie Highmore og Emma Roberts í rómantískri mynd frá 2011.

Seeking a Friend for the End of the World
Bíóstöðin kl. 22.00



Skemmtileg mynd frá 2012 með Steve Carell og Keira Knightley í aðalhlutverkum.

Baddi í borginni
Krakkastöðin kl. 19.00



Alvöru fjölskyldumynd um vaska grísinn Badda hefur ráð undir rífi hverju.

RISALEIKIR Í MEISTARADEILDINN

Þriðjudag og miðvikudag kl. 18.30
Það eru stórleikir fram undan í Meistaradeild Evrópu. Fyrri leikirnir í 8 liða úrslitum fara fram á þriðjudag og miðvikudag og það verða sannkallaðir risaleikir á dagskrá. Á þriðjudagskvöld tekur Manchester United á móti Evrópumeisturum Bayern München á Old Trafford. Flestir eru búnir að afskrifa að United eigi möguleika gegn hinu feiknarsterka liði Bayern en Rauðu djöflarnir gera nú lokatilraun til að bjarga tímabilinu.

Á sama tíma mætast spænsku stórlíðin Barcelona og Atlético Madrid og verður sá leikur sýndur á Stöð 2 Sport 3. Á miðvikudagskvöld eru ekki síðri leikir. Real Madrid með Cristiano Ronaldo og Gareth Bale fremsta í flokki tekur á móti Borussia Dortmund en þessi lið mættust í undanúrslitum keppinnar í fyrra og þá hafði Dortmund betur. Á sama tíma mætast tvö af ríkustu félagsliðum heims, Paris St. Germain og Chelsea, á Parc des Princes í París.

Seinni leikirnir í 8 liða úrslitum fara fram strax í næstu viku og þá verða leikri Borussia Dortmund - Real Madrid og Chelsea - Paris St. Germain á þriðjudegi og leikir Bayern München - Manchester United og Atlético Madrid - Barcelona á miðvikudegi. Undanúrslitin fara einnig fram í apríl, fyrri leikirnir 22. og 23. apríl en seinni leikirnir 29. og 30. apríl. Úrslitaleikur Meistaradeildarinnar fer síðan fram í Lissabon í Portúgal laugardaginn 24. maí.



FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT Á WWW.365.IS

Gamanþættirnir Friends with Better Lives hefja göngu sína á Stöð 2

NÝIR VINIR MÆTA TIL LEIKS

Friends with Better Lives er glæný gamanþáttaröð sem beðið er með mikilli eftirvæntingu, enda hefur þeim verið líkt við gömlu góðu Friends-þættina. Höfundur og aðalframleiðandi þáttanna, Dana Klein, kom einnig að framleiðslu Friends fyrir nokkrum árum.

Það er auðvelt að sjá hvers vegna Friends With Better Lives hafa verið bornir saman við Friends-þættina. Aðalpersónurnar eru sex vinir um þrítugt sem eru að fóta sig í lífinu.

Allir eru vinirnir á ólíkum stöðum í lífinu og allir halda þeir að hinir í vinahópnum lífi meira spennandi lífi. Will er nýskilinn en ekki alveg búinn að gefa sína fyrrverandi upp á bátinn, Jules og Lowell eru nýtrúlofuð, Kate gengur allt í haginn á framabrautinni en er ekki eins lukkuleg í ástarmálunum á meðan Andi og Bobby eru gift en sakna svolítið gömlu góðu daganna þegar þau voru yngri og áhyggjulausari.

Flottir leikarar

James Van Der Beek er einn aðalleikaranna en sjónvarpsáhorfendur muna eflaust best eftir honum í unglingaþáttunum Dawson's Creek þar sem hann lék Dawson Leery.

Hann leikur Will Stokes sem er enn í sárum eftir að eiginkonan skildi við hann. „Hann átti ekki von á því og er í sárum. Hann er svolítið áttavilltur í lífinu eftir að hafa misst það eina sem hann var öruggur með í lífinu og skilur ekki alveg að því sé lokið,“ segir James.

Áhorfendur ættu einnig að kannast við Kevin Connelly sem leikur Bobby Lutz. Hann lék um árabíl í þáttaröðinni Entourage sem sýnd var á Stöð 2. Hann hefur í nógu að snúast þessa dagana því auk þess að leika í Friends with Better Lives er hann að ljúka við tökum á kvikmynd með félögum sínum úr Entourage.

Síðasta þáttaröðin af How I Met Your Mother og nýir gamanþættir

MEIRA GRÍN Á STÖÐ 2

Einn vinsælasti gamanþáttur síðari ára, How I Met Your Mother, snýr aftur á Stöð 2 miðvikudaginn 23. apríl. Þá eru ennig tveir glænýir gamanþættir væntanlegir í apríl.

Þetta er níunda og síðasta þáttaröðin af How I Met Your Mother og það eru margir sem bíða spenntir eftir að sjá hvað verður um vinina Lily, Robin, Ted, Marshall og Barney.

Surviving Jack er ný gamanþáttaröð sem hefur göngu sína á Stöð 2 þriðjudaginn 15. apríl. Christopher Meloni, sem margir kannast við úr Law & Order: SVU leikur Jack Dunlevy, sem var vanur að fara snemma til vinnu og koma seint heim. Núna er eiginkona hans komin í laganám og Jack þarf að fara að sinna pabba-hlutverkinu fyrir alvöru í fyrsta sinn. Sonur hans, Frankie, er 15 ára og með lítið sjálfstraust en hefur nú pabba sinn til að fylgja sér inn í fullorðinsárin. Dóttir hans, Rachel, er bæði eldklár og gullfalleg en Jack nær engu sambandi við hana.

Gamanserían The Goldbergs hefst mánudaginn 29. apríl en þættirnir hafa hlotið góðar viðtökur á ABC-sjónvarpsstöðinni í vetur. Hún fjallar um fjóruga fjölskyldu og sögumaðurinn er 11 ára gutti sem tekur allt sem fram fer á heimilinu upp á myndbandsupptökuvél.



á skírdag



2 FRIENDS WITH BETTER LIVES
HEFST 17. APRÍL

Death Comes to Pemberley á Stöð 2 um páskana

FRAMHALD AF PRIDE AND PREJUDICE



2 DEATH COMES TO PEMBERLEY
HEFST 16. APRÍL

Death Comes to Pemberley er brek framhaldsmynd í þremur hlutum sem sýnd verður á Stöð 2 um páskana. Sagan er byggð á samnefndri metsölubók eftir P.D. James og er með sömu persónum og áhorfendur þekkja úr sögunni Pride and Prejudice eftir Jane Austen.

Pride and Prejudice eða Hroki og hleypidómar eins og sagan nefnist á íslensku, sagði frá lífi fólks innan efri stétta í bresku samfélagi og frá misskilningi, fordómum og síðar ást og skilningi milli hinnar líflegu og skarpgreindu Elizabeth Bennet og hins hrokafulla Fitzwilliams Darcy.

Death Comes to Pemberley gerist árið 1803, sex árum eftir atburðina í Pride and Prejudice sem leiddu til þess að Elizabeth giftist herra Darcy. Hjónakornin eru að

undirbúa árlegan dansleik á glæsilegu Pemberley-sveitasetri sínu þegar óvæntur gestur færir þeim fréttir af því að morð hafi verið framið í skóginum.

Aðalhlutverkin í þessari mögnuðu framhaldsmynd leika Matthew Rhys, sem áhorfendur Stöðvar 2 þekkja úr þáttunum The Americans, og Anna Maxwell Martin.

Fyrsti þáttur er á dagskrá miðvikudaginn 16. apríl, annar þáttur á Skírdag og þriðji og síðasti á föstudaginn langa.

Breska þáttaröðin Smoke kemur frá framleiðendum Broadchurch

HET JUR Í ELDHAFINU

Smoke er glæný þáttaröð sem hefur göngu sína á Stöð 2 þriðjudaginn 8. apríl. Aðalsöguhetjurnar eru slökkviliðsmenn í London sem leggja líf sitt að veði á hverjum degi.

Smoke var frumsýnt á Sky One í Bretlandi fyrir skömmu og hlaut góða dóma í breskum fjölmiðlum.

Þættirnir fjalla um slökkviliðsmenn og -konur sem þurfa að treysta hvert öðru fyrir lífi sínu. Leiðtoginn í hópnum er Kev, reyndur og vel liðinn slökkviliðsmaður sem slasaðist í baráttunni við versta eldsvoða sem hann hafði lent í. Hann er núna að mæta aftur til vinnu eftir langvarandi endurhæfingu en á ýmis mál enn óuppperð.

Þetta eru dramatískir og spennandi þættir með sterkum persónum og áhugaverðum sögum í hverjum þætti.

Jamie Bamber leikur aðalhlutverkið en hann þykir einn af heitustu sjónvarpsleikurum Breta um þessar mundir. „Sagan hefst með stórbruna og náunginn sem ég leik brennist illa,“ segir Bamber. „Hann er særður bæði líkamlega og andlega en reynir að byggja sig upp á ný og snúa aftur til vinnu en það veit enginn nákvæmlega hvað hrjáir hann. Í lok fyrsta þáttar er áhrifamið atriði þar sem hann missir stjórn á sér eftir fyrsta vinnudaginn og sýnir á ógleymanlegan hátt hvernig bruninn hafði áhrif á hann. Ég hef aldrei lesið handrit af sjónvarpsþáttum í líkingu við þetta. Þetta eru frábærir þættir.“



2 SMOKE
HEFST 8. APRÍL

BROT AF ÞVÍ BESTA 6.-12. APRÍL

SUNNUDAGUR 6. APRÍL

Ísland Got Talent
Stöð 2 kl. 19.45



Annar undanúrslitabátturinn í beinni útsendingu og núna fá áhorfendur m.a. að sjá söng, dans, jójó og súlufimi. Áhorfendur velja sitt uppáhaldsatriði í símakosningu.

The Following (11:15)

Stöð 2 kl. 21.50

Fjöldamorð leiða Ryan og Mike á hættulegar slóðir. Joe heldur áfram að þjálfra sértrúarsöfnuðinn og segir Emmu fyrirætlanir sínar.

Shameless (3:12)

Stöð 2 kl. 22.35



Frank er með svikamyllu gagnvart krabbameinssamtökum og Fiona er ekki sátt við verslunarstjóra í matvörubúð.

Enska úrvalsdeildin

Stöð 2 Sport 2 kl. 12.20

Tveir toppleikir í dag. Everton gegn Arsenal kl. 12.20 og West Ham gegn Liverpool kl. 14.50.

Formúla 1

Stöð 2 Sport kl. 14.30

Bein útsending frá þriðju keppni ársins í Formúlunni. Núna fer keppnin fram á glæsilegri braut í Bahrain.

Source Code

Bíóstöðin kl. 22.00



Spennumynd frá 2011 með Jake Gyllenhaal um hermann sem rankar við sér í ókunnugum líkama og þarf að freista þess að koma í veg fyrir sprengju í farþegalest.

Bored to Death (3:8)

Stöð 3 kl. 20.45

Skemmtileg þáttaröð frá HBO með Jason Schwartzman, Zach Galifianakis og Ted Danson í aðalhlutverkum.

MÁNUDAGUR 7. APRÍL

Suits (11:16)

Stöð 2 kl. 20.10



Glænýir þættir í þessari fersku og skemmtilegu seríu þar sem fylgst er með hinum eitursnjalla Mike Ross og hinum harðsvíraða Harvey Specter.

Enska úrvalsdeildin

Stöð 2 Sport 2 kl. 18.50

Bein útsending frá leik Tottenham og Sunderland í ensku úrvalsdeildinni. Gummi Ben og allir leikir helgarinnar í Messunni kl. 21.00

The Vampire Diaries (9:22)

Stöð 3 kl. 21.35



Þriðja þáttaröðin um unglingsstúlkuna sem fellur fyrir strák sem er í raun vampíra og hefur lifað í meira en 160 ár.

Sisters (1:7)

Gullstöðin kl. 21.45



Reed-systurnar eru mættar aftur og verða fastagestir á Gullstöðinni næstu mánuði. Þættir sem nutu mikilla vinsælda á árum áður.

Hanna

Bíóstöðin kl. 22.00



Spennandi kvikmynd frá 2011 um unga stúlkuna sem er alin upp sem launmorðingi. Aðalhlutverk leika Saoirse Ronan og Cate Blanchett.

Rauðhetta 2

Krakkastöðin kl. 19.00

Skemmtileg teiknimynd þar sem klassískt ævintýri um Rauðhetta er fært í nýjan búning.

ÞRIÐJUDAGUR 8. APRÍL

Smoke

Stöð 2 kl. 21.20



Bresk þáttaröð af bestu gerð. Aðalsöguhetjurnar eru slökkviliðsmenn í London sem leggja líf sitt að veði í vinnunni á hverjum degi.

Þriðjudagskvöld með Friikka Dór

Stöð 3 kl. 21.05

Friðrik Dór í essinu sína í skemmtilegum spjallþætti.

Meistaradeild Evrópu

Stöð 2 Sport kl. 18.30



Bein útsending frá seinni leikjunum í 8-liða úrslitum. Borussia Dortmund tekur á móti Real Madrid og Chelsea mætir Paris St. Germain.

Anna Pihl (4:10)

Gullstöðin kl. 21.45



Þriðja þáttaröðin um dönsku lögreglukonuna Önnu Pihl.

Rampart

Bíóstöðin kl. 22.00



Hörkuspennandi mynd með Woody Harrelson í aðalhlutverki. Hann leikur lögreglumann sem ber enga virðingu fyrir lögnum.

Latabæjarhátíð í Höllinni

Krakkastöðin kl. 19.00

Upptaka frá einstakri sýningu þar sem íbúar Latabæjar koma fram ásamt góðum gestum.



Game of Thrones Stöð 2 mánudag kl. 20.55

Fjórða þáttaröð af Game of Thrones hefur göngu sína á Stöð 2 mánudaginn 7. apríl, innan við sólarhring á eftir frumsýningu þáttarins í bandarísku sjónvarpi. Það er konunglegt brúðkaup í vændum og Tyrion fær óvæntan gest. Jon varar yfirmenn sína við yfirvofandi árás, Jaime á í erfiðleikum heima fyrir og Arya sér kunnuglegt andlit úr fortíðinni. Það má búast við magnaðri spennu og óvæntum atburðum næstu vikunar.

MIÐVIKUDAGUR 9. APRÍL

Heimsókn (20:30)

Stöð 2 kl. 20.05



Sindri Sindrason heimsækir sannkallaða fagurkera sem opna heimili sín fyrir áhorfendum.

Léttir sprettir (9:9)

Stöð 2 kl. 20.30

Skemmtilegir þættir þar sem Ríkka leikur á als oddi.

Grey's Anatomy (14:24)

Stöð 2 kl. 20.50

Skæð flensa herjar á Seattle og lækurnar eru berskjaldaðir þegar veikur sjúklingar streyma á sjúkrahúsið.

Meistaradeild Evrópu

Stöð 2 Sport kl. 18.30

Bein útsending frá seinni leikjunum í 8-liða úrslitum. Bayern München fær Manchester United í heimsókn og Atletico Madrid tekur á móti Barcelona.

Tomorrow People (8:22)

Stöð 3 kl. 21.30



Spennuþættir um hóp ungmenna sem koma alls staðar að úr heiminum og eru næsta kynslóð mannkynsins. Þau eru með sérstaka hæfileika og geta til að mynda að fært hluti á milli staða með hugarorkunni.

Skjaldbakan og hérinn

Krakkastöðin kl. 19.00

Teiknimynd með íslensku tali um kapphlaup skjaldböku og héra sem reyna að feta í fótspor foreldra sinna.



Örlogadagurinn (10:14)
Gullstöðin kl. 20.30



Sirry ræðir við Önnu Jónsdóttur um örlogadaginn í lífi hennar.

Savages
Bíóstöðin kl. 22.00



Spennandi kvikmynd frá 2012 sem Oliver Stone leikstýrir. Flott mynd með góðum leikurum.

FIMMTUDAGUR 10. APRÍL

Masterchef USA (15:25)
Stöð 2 kl. 20.25



Stórskemmtilegur matreiðsluþáttur þar sem áhugakokkar keppast við að vinna bragðlauka dómara á sitt band.

Evrópudeildin
Stöð 2 Sport kl. 19.00

Bein útsending frá seinni leik Benfica og AZ Alkmaar í 8-liða úrslitum Evrópudeildarinnar. Aron Jóhannsson og Jóhann Berg Guðmundsson leika með AZ Alkmaar.

Game tívi (26:26)
Stöð 3 kl. 18.35



Frábær og fræðandi þáttur sem fjallar um allt það nýjasta úr tækni- og tölvuleikjaheiminum.

Lífsstíll
Stöð 3 kl. 19.30
Theodóra Mjöll fjallar um allt sem tengist tísku, hönnun og lífsstíl.

Weeds (7:13)
Gullstöðin kl. 20.30



Gamanþættir um ekkju sem ákvað að hasla sér völl sem eiturfyljasali.

One Night At McCool's
Bíóstöðin kl. 22.00
Skemmtileg mynd frá 2001 með Liv Tyler, Matt Dillon John Goodman og Michael Douglas í aðalhlutverkum.

FÖSTUDAGUR 11. APRÍL

Men in Black 3
Stöð 2 kl. 20.35



Stórmynd frá 2012 með Will Smith og Tommy Lee Jones í aðalhlutverkum. Núna þarf J að ferðast aftur í tímann til ársins 1969 til að bjarga K og breyta þar með mannkynssögunni.

The Numbers Station
Stöð 2 kl. 22.20



Spennamynd frá 2013 með John Cusack og Malin Akerman í aðalhlutverkum. Bandaríska leyniþjónustan sendir útsendara til að vernda unga konu sem er í bráðri lífshættu.

UFC
Stöð 2 Sport kl. 18.00
Bein útsending frá bardagakvöldi í Abu Dhabi. Stærsti slagur kvöldsins er viðureign Minotauro Nogueira og Roy Nelson.

Community (3:24)
Stöð 3 kl. 20.15



Gamanþáttaröð um skrautlegan hóp háskólanemenda á besta aldri. Aðalhlutverkið leikur grínistinn John McHale.

Oranges
Bíóstöðin kl. 20.25
Rómantísk gamanmynd frá 2012 um unga konu sem flytur heim til foreldra sinna og fellur fyrir nágretta sínum sem er jafnframt besti vinur þabba hennar.

The Last Stand
Bíóstöðin kl. 22.00



Spennamynd frá 2013 með Arnold Schwarzenegger, Forest Whitaker og Johnny Knoxville í aðalhlutverkum.

Litla stóra pandan
Krakkastöðin kl. 19.00
Skemmtileg teiknimynd um litla pöndu sem reynir að bjarga heimkynnum sínum.

LAUGARDAGUR 12. APRÍL

A Cinderella Story:
Once Upon a Song
Stöð 2 kl. 19.45



Skemmtileg mynd þar sem klassískt ævintýri um Öskubusku er komið í nýjan búning. Aðalhlutverkin leika Lucy Hale, Freddie Stroma og Missi Pyle.

After Earth
Stöð 2 kl. 21.15



Spennandi ævintýramynd frá 2013 með feðgunum Jaden Smith og Will Smith í aðalhlutverkum. Þúsund ár eru síðan mannfólkið flúið frá jörðinni en feðgarnir brotlenda geimskipi þar og þurfa að bjarga sér.

Anonymous
Stöð 2 kl. 22.55
Dramatísk kvikmynd frá 2011 með Rhys Ifans, Vanessa Redgrave og David Thewlis í aðalhlutverkum.

Þýski handboltinn
Stöð 2 Sport kl. 12.55
Það er stór helgi í þýsku bikarkeppninni í handbolta. Undanúrslitin fara fram á laugardegi og úrslitaleikurinn á sunnudegi. Rhein-Neckar Löwen mætir Flensburg og Fuchse Berlin mætir Melsungen í undanúrslitum.

FA-bikarinn
Stöð 2 Sport kl. 16.00



Bein útsending frá leik Wigan Athletic og Arsenal í undanúrslitum ensku bikarkeppinnar. Leikurinn fer fram á Wembley.

Frozen
Stöð 3 kl. 21.55
Spennamynd frá 2010 um þrjá skíðamenn sem festst í stóla lyftu í nístandi kulda og þurfa að taka erfiða ákvörðun.

Frozen Ground
Bíóstöðin kl. 22.00
Spennamynd frá 2012 með Nicolas Cage, John Cusack og Vanessa Hudgens í aðalhlutverkum. Sönn saga lögreglumanns sem einsetti sér að handsama fjöldamorðingja.

FYRSTA RISA- MÓT ÁRSINS

Golfstöðin miðvikudag kl. 19.00
Það er komið að fyrsta risamóti ársins í golfi. The Masters er haldið í apríl ár hvert og þetta er í 78. skipti sem mótið fer fram. Allir bestu kylfingar heims mæta til leiks og freista þess að vinna þetta fornfræga mót og fá að klæðast græna jakkanum. Golfstöðin verður með beinar útsendingar alla keppnisdagana og fjörið hefst með Par 3 keppni á miðvikudeginum. Útsending hefst kl. 19.00 á fimmtudag, föstudag og laugardag og klukkan 18.00 á sunnudag.



Fjórða þáttaröð Game of Thrones hefst á Stöð 2 mánudaginn 7. apríl

ENGINN ER ÓHULTUR

Þættirnir Game of Thrones hafa notið gífurlegra vinsælda um heim allan og mikil eftirvænting er eftir fjórðu þáttaröðinni sem sýnd verður hér á landi aðeins degi síðar en í Bandaríkjunum. Þættirnir hafa hlotið fjölda verðlauna en sér í lagi hefur leikarinn Peter Dinklage vakið athygli fyrir frábæran leik.

Umfangsmikil vinna liggur að baki þáttunum. Fjórða þáttaröðin var tekin upp á Írlandi, Íslandi og víða í Króatíu en tókurnar stóðu yfir í 136 daga. Til marks um umfang þáttanna má nefna að leikarar í meginhlutverkum eru 24 en fjöldi annarra leikara, um fimmtíu, fer með minni en þó veigamikil hlutverk. Sagan, persónur, tengsl og landafræði Westeros eru enda afar flókin.

Þættirnir verða tíu alls en kostnaður við gerð þeirra er ærinn. Fyrsta serían kostaði HBO um 50 til 60 milljónir dollara en kostnaðurinn hefur aðeins hækkað eftir því sem vinsældirnar aukast.

Ísland að sumarlagi

Ísland hefur verið í aðalhlutverki í annarri og þriðju þáttaröð Game of Thrones og svo verður einnig í þetta sinn. Nú kveður hins vegar við annan tón því í stað kuldalegs landslags að vetri mun Ísland nú skarta sumarskrúða. Þrjú hundruð manna hópur tókuliðs og leikara Game of Thrones kom til Íslands síðasta sumar. Meðal tókustaða voru Þjórsárdalur, Hengilssvæðið og Stekkjagjá á Þingvöllum en Þingvallanefnd veitti sérstakt leyfi fyrir tókum í þjóðgarðinum.

Brúðkaup og blóðugir bardagar

Aðdáendur þáttanna verða varla fyrir vonbrigðum með nýjustu afurð Game of Thrones. Í stiklum og umfjöllun um fjórðu seríuna má sjá að margt mun gerast. Brúðkaup Joffrey konungs spilar þar stóra rollu svo og blóðugir bardagar, hefndaraðgerðir og lævislegt ráðabrug líkt og þættirnir eru þekktir fyrir.



Hafþór Júlíus Björnsson leikur Ser

LEIKUR ILLMENNI

Í fjórðu þáttaröð Game of Thrones snýr Ser Gregor Clegane, öðru nafni Fjallið, aftur en nú í túlkun Íslendingansins og kraftajötunsins Hafþórs Júlíusar Björnssonar.

„Framleiðendur þáttanna voru að leita að stórum, stæðilegum og sterkum manni í hlutverk Gregor Clegane. Einhver minntist á mig svo þeir sendu mér örstutt skilaboð á tölvupósti og þannig hófst þetta allt,“ segir Hafþór sem þekktastur er fyrir afrek sín í kraftakeppnum en hann varð nýverið í þriðja sæti í keppninni Sterkasti maður heims.

„Þeir komu síðan til Íslands og héldu með mér fund, vildu vitanlega fá að sjá mig og skoða, og leist vel á,“ lýsir Hafþór sem í framhaldinu fór í ýmsar þrúfur. „Ég hitti leikstjórnann, fór í skylmingaprufur og þurfti að sýna einhvern leik áður en allt var ákveðið,“ segir hann en bætir við að hann hafi enga leikreynslu haft fyrir. „Reyndar er stærsti hluti af mínu hlutverki að berjast og því þurftu þeir að sjá hvort ég gæti

hreyft mig.“ Hafþór hafði enga reynslu af skylmingum en þótti sýna hæfileika og var því ráðinn í hlutverkið. „Ég fór síðan á námskeið í skylmingatækni hér heima, í Bretlandi og síðan í Dúbrovnik í Króatíu áður en tókur hófust,“ lýsir hann.

Ævintýri líkast

Tökurnar í Króatíu stóðu yfir í tvær vikur. „Síðan var ég í viku í Belfast á Írlandi þar sem löggöf var lokahönd á nokkur atriði.“ Ser Gregor Clegane er sannkallað illmenni og gengur gjarnan undir nafninu The Mountain, eða Fjallið. Hann er höfuð Clegane-ættarinnar frá Westerland. Gregor er eldri bróðir Sandor Clegane en þeir elda grátt silfur saman. Þegar bræðurnir voru ungir hélt Gregor höfði bróður síns að opnum eldi með þeim



Gregor Clegane í Game of Thrones AF VERSTU SORT

afleiðingum að hann brann illa í framan. En hvernig var að leika slíkan óþokka? „Maður setti sig bara í gír,“ svarar Hafþór sem segir upplifunina í heild hafa verið ævintýri líkasta. „Þetta var skemmtileg lífeynsla og ég lærði mjög marga,“ segir hann en viðurkennir að oft hafi dagarnir verið erfiðir. „Maður vaknaði oft klukkan fjögur, fimm á morgnana, fór í förðun, var í tókum allan daginn í 35 stiga hita þar sem sólin skein beint á mann í þungri brynju. Þetta tók því á líkamlega og andlega en maður hlakkaði hins vegar alltaf til að vakna og byrja aftur.“

Kynntist Cercei

Hafþór hefur frá upphafi verið mikill aðdáandi þáttanna og séð þá alla. „Það var því töluvert sjokk að fá þetta tilboð, ég trúði þessu eiginlega varla. Það hafði kannski ekki verið draumur minn að leika í þáttunum en þetta var tilboð sem ekki var hægt að hafna,“ segir Hafþór sem kynntist

þó nokkrum af aðalleikurum þáttanna við tókurnar. „Pau voru þarna mjög mörg en ég kynntist líklega Lenu best,“ segir hann og á þar við Lenu Headey sem leikur drottninguna Cercei.

Verður Fjallið áfram

Tveir aðrir leikarar hafa reynt sig við hlutverk Fjallsins. Upphaflega fór Conan Stevens með hlutverk Gregors en svo tók Ian Whyte við. Hlutverkið hefur ekki verið stórt hingað til en Hafþór segir nokkra breytingu verða þar á í fjórðu seríu. „Ég tek þátt í mjög stórum og mikilvægum bardaga þar sem ég berst við einn af aðalleikurunum,“ upplýsir hann en getur ekki farið nánar út í söguþráðinn. Svo virðist sem áframhald verði á leikferli Hafþórs. „Pau hafa sagst vilja fá mig aftur í fimmtu seríu sem verður tekin upp í ár, en það er þó ekki búið að fastnegla það,“ segir hann og er spennur fyrir framhaldinu.



Hitað upp fyrir nýja seríu af 24 klukkan 21.00 alla daga á Gullstöðinni



JACK BAUER MÆTTUR AFTUR

Spennupáttaröðin 24 naut gífurlegra vinsælda hjá sjónvarpsáhorfendum á árunum 2001 til 2010. Gerðar voru átta þáttaraðir og alls 192 þættir. Nú er ný þáttaröð væntanleg og hefjast sýningar á henni á Stöð 2 í maí, strax í kjölfar frumsýningar í Bandaríkjunum. Áhorfendur geta rifjað upp kynnin við Jack Bauer á Gullstöðinni í apríl þegar fyrstu þáttaraðirnar af 24 verða á dagskrá alla daga kl. 21.00.

Kiefer Sutherland leikur hörkutólið Jack Bauer sem starfar fyrir bandarísku hryðjuverkalögregluna CTU sem hefur það hlutverk að vernda Bandaríkin fyrir yfirvofandi hryðjuverkaárásum.

Uppbygging þáttanna vakti mikla athygli á sínum tíma þar sem þeir eiga að gerast í rauntíma, þ.e.a.s. öll serían gerðist á einum sólarhring og hver þáttur gerðist á einum klukkutíma með tífandi klukku með reglulegu millibili.

Fyrsta þáttaröð gerist í undanfara forsetakosninga og Jack Bauer fær það hlutverk að vernda þingmanninn David Palmer sem er í framboði til forseta. Á sama tíma er fjölskylda hans í bráðri hættu.

Þáttaröð 2 tekur við strax í kjölfarið en hún gerist 18 mánuðum síðar og þá þarf Jack að hindra að kjarnorkusprengr springi í Los Angeles. Ný þáttaröð hefst síðan á Stöð 2 sunnudaginn 11. maí.

SYSTURNAR OG CHUCK Á GULLINU

Á Gullstöðinni eru sýndir þættir sem hafa notið vinsælda hjá sjónvarpsáhorfendum á undanförunum árum, bæði íslenskir og erlendir. Í apríl snúa kunnugleg andlit aftur í íslenskt sjónvarp þegar sýningar hefjast á Sisters og Chuck á Gullstöðinni.

Sisters naut mikilla vinsælda á árunum 1991 til 1996 en þættirnir höfðu þá sérstöðu að fjalla nær eingöngu um konur og mál sem þær varða. Aðalsöguhetjurnar eru fjórar mjög ólíkar systur, þær Alex, Teddy, Georgie og Frankie. Áhorfendur fylgja þeim í gegnum súrt og sætt næstu mánuðina því Gullstöðin mun sýna allar sex þáttaraðirnar. Sýningar á Sisters hefjast mánudaginn 7. apríl.

Chuck eru fyndnir og hraðir spennuþættir sem sýndir voru á árunum 2007 til 2011. Chuck Bartowski er ósköp




venjulegur nörd sem lifir afar óspennandi lífi allt þar til hann opnar tölvupóst með öllum hættulegustu leyndarmálum CIA. Þar með er hann orðinn mikilvægasta vopn sem til er og örlög heimsins hvíla á herðum hans.

Stórhættulegir hryðjuverkamenn eru tilbúnir til að gera allt til að komast yfir leyndarmálin en Chuck nýtur verndar gullfallega útsendara frá CIA sem ætlað er að halda honum á lífi.



MASTERS

Fyrsta risamót ársins í beinni á Golfstöðinni



HVER KLÆÐIST GRÆNA JAKKANUM Í ÁR?

Öll risamót ársins verða sýnd í beinni útsendingu á Golfstöðinni og Masters er jafnan fyrsta risamót ársins. Sigurvegarinn fær þann heiður að klæðast græna jakkanum sem er mun meira virði fyrir flesta kylfinga en milljónirnar sem þeir fá fyrir sigurinn.

Masters er einn vinsælasti íþróttaviðburður sem fram fer á ári hverju og hafa Íslendingar fylgst vel með mótinu á síðustu árum. Adam Scott sigraði í fyrra og fagnaði gríðarlega en hver fær að klæðast græna jakkanum í ár?

Mörg ógleymanleg augnablik hafa verið á Masters undanfarin ár, eins og t.d. þegar Bubba Watson vann hug og hjörtu heimsbyggðarinnar með sigrinum 2012, klúðrið hjá hinum unga Rory

Mcllroy árið 2011 og vippið hjá Tiger Woods beint í holu á 16. braut sem tryggði honum sigurinn árið 2005.

Masters-mótið verður í beinni útsendingu alla fjóra keppnisdagana á Golfstöðinni. Hið skemmtilega par-3 mót sem fram fer á miðvikudeginum verður sýnt í beinni útsendingu. Umgjörðin um Masters-mótið verður afar glæsileg í ár og er mótið í leiftrandi háskerpu á Golfstöðinni.

MASTERS-DAGSKRÁIN Á GOLFSTÖÐINNI

Beinar útsendingar frá Masters 2014

9. apríl 19.00 – 21.00 (par 3-keppnin)

10. apríl 19.00 – 23.30

11. apríl 19.00 – 23.30

12. apríl 19.00 – 23.00

13. apríl 18.00 – 23.00

DRAUMAÁR HJÁ ADAM SCOTT

Adam Scott varð fyrsti Ástralinn til að sigra á Masters-mótinu í fyrra. Hann hafði betur í bráðabana gegn Argentínumanninum Angel Cabrera í afar spennandi keppni.

Sigurinn var sá stærsti á ferlinum til þessa hjá hinum 33 ára gamla Scott sem hafði lengi verið í meðal bestu kylfinga heims.

„Að vakna á mánudagsmorgni eftir Masters-mótið og sjá græna jakkann hangandi á skápnum er tilfinning sem ég mun aldrei gleyma. Það hefur verið magnað að sjá viðbrögð vina minna og ættingja þegar þeir sjá jakkann á heimili mínu,“ segir Scott. Hann á að baki tíu sigra á PGA-mótaröðinni.

Tileinkaði Norman sigurinn
Scott hefur ítrekað tileinkað landa sínum Greg Norman sigurinn í Masters. Norman varð þrívégis í öðru sæti í Masters-mótinu og veitti Scott mikla aðstoð þegar sá síðarnefndi gekk í gegnum erfiða tíma á keppnisvelli. Scott segir það hafa tekið mikla pressu af sér að vinna loksins risamót.


„Það hefur alltaf verið búist við því að ég myndi afreka svipaða hluti og Greg Norman. Hann var um tíma besti kylfingur heims og náði mögnuðum árangri,“ segir Scott. „Ég held að það hafi hjálpað að festa mig í sessi í Ástralíu með sigrinum á Masters. Nú verð ég

kannski þekktur sem Adam Scott, frekar en kylfingurinn sem gæti orðið álika góður og Greg Norman.

Titilvörnin erfið á Masters
Það er síður en svo auðvelt að verja titilinn á Augusta National. Á síðustu 30 árum hefur aðeins tveimur kylfingum tekist að verja titil sinn í mótinu. Það eru þeir Nick Faldo og Tiger Woods. Framfarir hafa orðið á leik Scotts að undanförunu og varð hann í þriðja sæti í Arnold Palmer Invitational-mótinu á Bay Hill-vellinum eftir að hafa haft forystu lengst af.


Nálgast sitt besta form
Scott átti fínu gengi að fanga allt síðasta ár og náði meðal annars frábærum árangri í mótum í heimalandi sínu seint á síðasta ári. Hann fór því nokkuð seinna af stað í ár en oft áður en nálgast nú sitt besta form.

„Það hefur verið ótrúleg reynsla að upplifa ár sem sigurvegari í Masters-mótinu. Ég vil endurtaka leikinn. Að hafa græna jakkann hangandi inni í skáp gerir allt það erfiði sem við kylfingar þurfum að leggja á okkur til að komast í fremstu röð þess virði.“



U.S. MASTERS 2013

Brautir Augusta-vallarins eru allar .UB nefndar eftir gróðri, trjám eða blómategundum sem einkenna hverja braut.



Source: Augusta National Golf Club

Hola	1	2	3	4	5	6	7	8	9	Út	10	11	12	13	14	15	16	17	18	Inn	Samtals
Par	4	5	4	3	4	3	4	5	4	36	4	4	3	5	4	5	3	4	4	36	72
Metrar	407	525	320	220	416	164	412	521	420	3.400	453	462	142	466	402	485	155	402	425	3.392	6.792
Stikur	445	575	350	240	455	180	450	570	460	3.725	495	505	155	510	440	530	170	440	465	3.710	7.435

Sigurvegjarar á Masters undanfarin ár

2013 Adam Scott (ÁST)	-9
2012 Bubba Watson (BNA)	-10
2011 Charl Schwartzel (S-AFR)	-14
2010 Phil Mickelson (BNA)	-16
2009 Angel Cabrera (ARG)	-12
2008 Trevor Immelman (S-AFR)	-8
2007 Zach Johnson (BNA)	+1
2006 Phil Mickelson (BNA)	-7
2005 Tiger Woods (BNA)	-12
2004 Phil Mickelson (BNA)	-9
2003 Mike Weir (KAN)	-7
2002 Tiger Woods (BNA)	-12
2001 Tiger Woods (BNA)	-16
2000 Vijay Singh (FÍDI)	-10
1999 Jose Maria Olazabal (SPÁ)	-8
1998 Mark O'Meara (BNA)	-9
1997 Tiger Woods (BNA)	-18
1996 Nick Faldo (ENG)	-12
1995 Ben Cranshaw (BNA)	-14
1994 Jose Maria Olazabal (SPÁ)	-9





MISSIR TIGER AF MASTERS Í FYRSTA SINN?

Óvissa ríkir um það hvort Tiger Woods geti tekið þátt í Masters-móttinu í ár vegna meiðsla í baki sem hafa hrjád hann frá upphafi árs.

Woods þurfti að hætta keppni á Honda Classic-móttinu í mars og reyndust meiðsli hans alvarlegri en gert var ráð fyrir í fyrstu. „Það er enn of snemmt að segja til um hvort ég verði með í móttinu,“ segir Woods sem hefur fjórum sinnum staðið uppi sem sigurvegari í móttinu. Síðast klæddist hann græna jakkanum árið 2005. Woods hefur aldrei misst af Masters-móttinu eftir að

hann gerðist atvinnumaður. „Ég hef verið frá síðustu vikur og fengið meðhöndlun við meiðslunum. Ég reyni hvað ég get að vera tilbúinn fyrir móttið á Augusta National,“ segir hinn 38 ára Woods sem margir telja sigurstranglegastan fyrir móttið í ár. Meiðsli í mjóbaki hafa plagað kappann síðustu mánuði. Woods er yngsti sigurvegari í sögu mótsins en hann var 21

árs þegar hann sigraði í móttinu árið 1997. Tímabilið í ár hefur farið einstaklega illa af stað hjá efsta kylfingi heimslístant en byrjun hans í ár er sú versta á 18 ára atvinnumannsferli kappans. Woods er án efa vinsælasti kylfingur heims og vonast golfáhugamenn til þess að hann verði búinn að ná sér áður en móttið hefst 10. apríl næstkomandi.



FLESTIR SIGRAR Á MASTERS

Sex

Jack Nicklaus (1963, 1965, 1966, 1972, 1975, 1986)

Fjórir

Arnold Palmer (1958, 1960, 1962, 1964); **Tiger Woods** (1997, 2001, 2002, 2005)

Þrír

Jimmy Demaret (1940, 1947, 1950); **Sam Snead** (1949, 1952, 1954); **Gary Player** (1961, 1974, 1978); **Nick Faldo** (1989, 1990, 1996); **Phil Mickelson** (2004, 2006, 2010)

OFTAST Í TOPP 5

15 - Jack Nicklaus
10 - Tiger Woods, Phil Mickelson
9 - Ben Hogan, Sam Snead, Arnold Palmer, Tom Kite, Tom Watson

OFTAST Á TOPP 10:

22 - Jack Nicklaus
17 - Ben Hogan
15 - Sam Snead, Gary Player, Tom Watson
14 - Byron Nelson, Phil Mickelson

ELSTI SIGURVEGARINN

Jack Nicklaus 1986 – 46 ára, tveggja mánaða og 23 daga gamall

YNGSTI SIGURVEGARINN

Tiger Woods, 1997 – 21 árs, þriggja mánaða og 14 daga gamall

BESTA SKOR Á HRING Í MÓTINU

63 högg (níu undir pari) - **Nick Price, 1986; Greg Norman, 1996**

LÆGSTA SKOR EFTIR 36 HOLUR

131 - Raymond Floyd (65-66), 1976

LÆGSTA SKOR EFTIR 54 HOLUR

201 - Raymond Floyd (65-66-70), 1976; Tiger Woods (70-66-65), 1997

LÆGSTA SKOR Í MÓTINU

270 - Tiger Woods (70-66-65-69), 1997
271 - Jack Nicklaus (67-71-64-69), 1965;
 Raymond Floyd (65-66-70-70), 1976
272 - Tiger Woods (70-66-68-68), 2001;
 Phil Mickelson (67-71-67-67), 2010

HÆSTA SIGURSKOR

289 högg - Sam Snead (74-73-70-72), 1954; Jack Burke (72-71-75-71), 1956;
 Zach Johnson (71-73-76-69), 2007

MESTA FORYSTA EFTIR 18 HOLUR

Fimm högg - Craig Wood (66), 1941

MESTA FORYSTA EFTIR 36 HOLUR

Fimm högg - Herman Keiser (137), 1946; Jack Nicklaus (135), 1975;
 Raymond Floyd (131), 1976

MESTA FORYSTA EFTIR 54 HOLUR

Níu högg - Tiger Woods (201), 1997

STÆRSTI SIGURINN

12 högg - Tiger Woods, 1997

OFTAST LEIKIÐ Í MASTERS Í RÖÐ

50 - Arnold Palmer (1955-2004)
46 - Doug Ford (1956-2001)
45 - Raymond Floyd (1965-2009)
44 - Sam Snead (1937-1983) (mótið fór ekki fram árin 1943-1945)
41 - Ben Crenshaw (1972-2012)
40 - Jack Nicklaus (1959-1998)

OFTAST Í GEGNUM NIÐURSKURÐINN

37 - Jack Nicklaus
30 - Gary Player
27 - Raymond Floyd
26 - Fred Couples
25 - Arnold Palmer, Ben Crenshaw
24 - Tom Watson
23 - Billy Casper

YNGSTI KEPPANDINN


Guan Tianlang, 2013 - 14 ára

BESTA SKOR Á HRING:


63 högg; Nick Price (1983); Greg Norman (1996)

Svona á að spila Augusta-völlinn

Augusta National Golf Club völlurinn er par 72 og 6800 metrar á lengd.



Tea Olive	Pink Dogwood	Flowering Peach	Flowering Crab Apple	Magnolia	Juniper	Pampas	Yellow Jasmine	Carolina Cherry
1. hola	2. hola	3. hola	4. hola	5. hola	6. hola	7. hola	8. hola	9. hola
Par 4	Par 5	Par 4	Par 3	Par 4	Par 3	Par 4	Par 5	Par 4
406 metrar	525 metrar	320 metrar	220 metrar	416 metrar	165 metrar	411 metrar	521 metri	431 metri



Camellia	White Dogwood	Golden Bell	Azalea	Chinese Fir	Firethorn	Redbud	Nandina	Holly
10. hola	11. hola	12. hola	13. hola	14. hola	15. hola	16. hola	17. hola	18. hola
Par 4	Par 4	Par 3	Par 5	Par 4	Par 5	Par 3	Par 4	Par 4
453 metrar	462 metrar	142 metrar	466 metrar	402 metrar	485 metrar	155 metrar	402 metrar	425 metrar

Einstök upplifun á Augusta National



Þorsteinn Hallgrímsson

Flesta kylfinga dreymir um að fylgjast með Masters mótinu á Augusta National sem dregur að alla bestu kylfinga heims. Ég og Friðrik Þór Halldórsson tókumaður hjá 365 fórum til Augusta og tókum upp þátt um Mastersmótið árin 2012 og 2013. Öll umgjörð er til fyrirmyndar. Meðal þess sem vakti athygli okkar var að allir bekkir, áhorfendastúkur, ruslatunnur og annað sem þarf að vera við svona stórvíðburð er málað grænt svo það falli sem best inn í umhverfið. Umhírða á gróðri miðast við að allt sé í blóma í mótsvikunni. Það fór allt á annan endann árið

2012. Tvær síðustu vikurnar fyrir mótið var meðalhitinn hærri en reiknað var með. Því blómstruðu margar plöntur nokkrum dögum fyrr en áætlað var sem olli því að völlurinn varð bara grænn en ekki skreyttur mikilli litadýrð blómanna. Allar brautir vallarins bera nafn blómategundar á svæðinu. Eitt af því sem ekki sést í sjónvarpi er hve mikill hæðarmismunur er frá hæsta punkti vallarins sem er 10. teigur niður á lægsta punkt sem er 11. flötin. Munurinn er rétt um 70 metrar. Þetta er eina

risamótið sem ávallt er leikið á sama vellinum. Því getur mótstjórnin breytt vellinum á milli ára, ef skorið þykir of lágt eða of hátt. Sem dæmi fyrir mótið 2012 þá færðu vallarstarfsmenn fjögur tré (hæð 26 – 30 metrar) vinstra megin við 13. brautina rúman metra til hægri. Þetta var gert til þess að þrengja teighöggið því of margir kylfingar slógu inn á flöt í öðru höggi á þessari fallegu þriðju braut. Það er einstök upplifun að koma á Augusta National völlinn og tilhlökkunarefni að fylgjast með útsendingum Golfstöðvarinnar þetta árið.





TOPPMYNDIR Á BÍÓSTÖÐINNI

Í páskafríinu er gott að slaka á yfir góðri bíómynd og það verður sannarlega eitthvað fyrir alla á Bíóstöðinni í apríl. Ævintýra- og gamanmyndir framan af degi og dúndrandi dramatík og spennu þegar líður á kvöldin.

Leonardo DiCaprio verður áberandi á Bíóstöðinni um páskana í tilefni þess að stórmyndin *The Great Gatsby* er aðalmyndin á Stöð 2 á páskadag auk þess sem *Django Unchained* er á dagskrá Stöðvar 2 um páskana. Laugardaginn 19. apríl verður myndin *The Aviator* á Bíóstöðinni en þar bregður DiCaprio sér í hlutverk auðkífingsins og flugáhugamannsins *Howards Hughes*. Annan í páskum er komið að myndinni *J. Edgar* þar sem DiCaprio sýnir snilldartahta í hlutverki *J. Edgars Hoover* sem stýrði bandarísku alríkislögreglunni, FBI, í tæp 50 ár.

Þriðjudaginn 22. apríl fá áhorfendur síðan að sjá DiCaprio ungan og efnilegan í myndinni *Basketball Diaries* frá 1995. Um páskana verður einnig ævintýrapema á Bíóstöðinni þegar sýndar verða nokkrar myndir um galdratrákinn *Harry Potter*. Af öðrum myndum sem sýndar verða á Bíóstöðinni í apríl má nefna *Savages* eftir *Oliver Stone*, *One Night At McCool's* með *Liv Tyler*, *Midnight Run* með *Robert DeNiro*, *Braveheart* með *Mel Gibson* og *Djúpið* með *Ólafi Darra Ólafssyni* en alls verða sýndar um 200 flottar kvikmyndir á Bíóstöðinni í apríl.



FJÖLBREYTT ÚRVAL TALSETTS BARNAEFNIS Á KRAKKASTÖÐINNI FJÖR FRÁ MORGNI TIL KVÖLDS

Krakkastöðin hefur slegið í gegn hjá áskrifendum. Þar eru sýndir skemmtilegir þættir fyrir krakka á öllum aldri frá klukkan sjö á morgnana til sjö á kvöldin. Síðan tekur við talsett bíómynd fyrir krakkana.

Á hverjum degi mæta kunnuglegar persónur og stytta börnunum stundir. Íþróttaálfurinn, Glanni glæpur, Solla stírða og allir hinir íbúarnir í Latabæ koma krökkunum í gott skap. Svampur Sveinsson og félagar hans lenda í ótrúlegum ævintýrum á hafsbotni, mörgæsirnar frá Madagaskar ráða ríkjum í dýragarði þar sem allt getur gerst, Dóra landkönnuður og apinn Klossi eru ávallt að leysa skemmtilegar þrautir og Díego frændi hennar bjargar dýrum úr hásku. Af öðrum skemmtilegum

teiknimyndaseríum sem boðið er upp á fyrir áhorfendur Krakkastöðvarinnar á hverjum degi má nefna *Hvell kappakstursbíl*, *Dodda í Leikfangalandi*, *Brunabílan*, *Rassmus Klump*, *Tinna*, *Uka*, *Ljóta andarungann* og hina sívinsælu *Tomma* og *Jenna*. Klukkan 19.00 á hverju kvöldi hefjast síðan talsettar bíómyndir og leiknar íslenskar myndir eða leikrit. Það ættu því allir krakkar að finna eitthvað skemmtilegt við sitt hæfi á Krakkastöðinni.



BROT AF ÞVÍ BESTA 13.–19. APRÍL

SUNNUDAGUR 13. APRÍL

Ísland Got Talent
Stöð 2 kl. 19.45



Þriðji og síðasti undanúrslitaþátturinn. Átta atriði keppa um tvö síðustu sætin í úrslitunum. Söngur, dans, töfrabrogð og píanóleikur. Áhorfendur geta valið sitt uppáhaldsatriði í símakosningu.

Enska úrvalsdeildin
Stöð 2 Sport 2 kl. 12.30



Bein útsending frá toppslag Liverpool og Manchester City á Anfield. Klukkan 15 er síðan skipt yfir á leik Swansea City og Chelsea.

Þýski handboltinn
Stöð 2 Sport kl. 12.55

Bein útsending frá úrslitaleiknum í þýsku bikarkeppninni. Íslendingaliðið Rhein-Neckar Löwen, Flensburg og Fuchse Berlin voru öll í undanúrslitum.

The Masters
Golfstöðin kl. 18.00



Bein útsending frá lokahringnum á fyrsta risamóti ársins, The Masters. Sigurvegarinn fær að klæðast græna jakkanum.

MotoGP
Stöð 2 Sport kl. 19.00

Bein útsending frá annarri keppni ársins í MotoGP þar sem öflugustu kappakstursmótorhjól heims keppa.

The League (7:13)
Stöð 3 kl. 21.10

Bandarísk gamanþáttaröð um nokkra vini sem hafa ódreppandi áhuga á amerískum fótbolta.

Cloud Atlas
Bíóstöðin kl. 22.00

Áhrifamikil kvikmynd frá 2012 með Tom Hanks, Halle Berry og Hugh Grant í aðalhlutverkum.

MÁNUDAGUR 14. APRÍL

Vice (1:10)
Stöð 2 kl. 22.35



Nýr og ferskur fréttáttur frá HBO þar sem rýnt er ofan í kjöllinn á ýmsum hitamálum um víða veröld.

Suits (12:16)
Stöð 2 kl. 20.10

Skemmtileg þáttaröð um harðsnúna lögræðinga

Game of Thrones (2:10)
Stöð 2 kl. 20.55

Fjórða þáttaröðin af Game of Thrones heldur áfram en þættirnir eru m.a. teknir upp á Íslandi.

Amazing Race (8:12)
Stöð 3 kl. 19.00



Skemmtileg keppni þar sem nokkur tveggja manna lið eru í æsispennandi kapphlaupi um heiminn og dramatíkinn ræður ríkjum frá upphafi til enda.

Eldsnögg með Jóa Fel (9:12)
Gullstöðin kl. 20.30

Jói Fel galdrar fram gómsæta rétti. Hollur, hagkvæmur og heimilislegur matur.

Braveheart
Bíóstöðin kl. 22.00



Mögnuð mynd frá 1995 sem hlaut fimm Óskarsverðlaun, m.a. sem besta myndin og Mel Gibson sem besti leikstjórinn.

Algjör Sveppi og töfraskápurinn
Krakkastöðin kl. 19.00

Sveppi, Villi og Gói eru mættir í fjörugri mynd fyrir krakka á öllum aldri.

ÞRIÐJUDAGUR 15. APRÍL

Surviving Jack (1:8)
Stöð 2 kl. 19.45



Glæný gamansería um mann á miðjum aldri sem beitir óhefðbundnum aðferðum við uppeldi unglínganna á heimilinu.

The Big Bang Theory (19:24)
Stöð 2 kl. 20.10

Sjöunda þáttaröðin um félagana Leonard og Sheldon sem eru afburðasnjallir eðlisfræðingar og vita nákvæmlega hvernig alheimurinn virkar.

Rake (11:13)
Stöð 2 kl. 21.20

Frábærir þættir með Greg Kinnear í aðalhlutverki.

Pretty Little Liars (8:25)
Stöð 3 kl. 20.25



Fjórða þáttaröðin af þessum dramatísku þáttum um fjórar vinkonur sem þurfa að snúa bókum saman til að geta varðveitt skelfilegt leyndarmál.

Veggfóður (1:7)
Gullstöðin kl. 20.20

Vala Matt og Hálfðan Steinþórson taka hús á smekklegum Íslendingum og kynna sniðugar hugmyndir og lausnir.


Red Dawn
Bíóstöðin kl. 22.00



Bandarísk spennamynd frá 2012 með Chris Hemsworth, Josh Peck, Josh Hutcherson, Adrienne Palicki, Isabel Lucas, og Jeffrey Dean Morgan í aðalhlutverkum.

Stígvélaði kötturinn
Krakkastöðin kl. 19.00

Ævintýrið um Stígvélaða köttinn er hér komið í nýjan búning.



PÁSKABOMBAN á Stöð 2 Föstudaginn langa kl. 21.20

Logi Bergmann verður á hátíðlegum nótum í síðasta þætti vetrarins af Spurningabombunni sem sýndur verður á Stöð 2 á föstudaginn langa. Spurningarnar verða innblásnar af páskunum og keppendurnir þurfa að mæta í hátíðarskapi til að komast að svörum. Sem fyrr þá skiptir ekki öllu máli hvort svörin séu rétt því það er mun mikilvægara að vera með húmorinn í lagi. Páskabomban hans Loga er ómissandi viðburður fyrir alla þá sem hafa gaman af skemmtilegu sjónvarpsefni.

MÍÐVIKUDAGUR 16. APRÍL

Grey's Anatomy (19:24)
Stöð 2 kl. 21.15



Það er aldrei lognmolla á Grey Sloan spítalanum í Seattle og flókið einkalíf læknanna á það til að gera starfið ennþá erfiðara.

360
Stöð 2 kl. 22.35



Spennandi kvikmynd frá 2011 með Rachel Weisz, Jude Law, Anthony Hopkins og Ben Foster í aðalhlutverkum.

Þýski handboltinn
Stöð 2 Sport kl. 18.10

Stórleikur hjá „strákunum okkar“ í þýska handboltanum. Guðmundur Guðmundsson og hans menn í Rhein-Neckar Löwen taka á móti Alfreð Gíslasyni og hans mönnum í Kiel.

Junior Masterchef (16:22)
Stöð 3 kl. 19.00



Skemmtileg matreiðslukeppni þar sem krakkar á aldrinum 8 til 12 ára fá tækifæri til að heilla MasterChef-dómarana með gómsætum réttum.

Tomorrow When the War Began
Stöð 3 kl. 21.30

Áströlsk spennamynd frá 2010 um hóp unglíngna sem berst gegn innrásarher sem hefur hertekið Ástralíu.



Twenty Four (15:24)
Gullstöðin kl. 21.00



Jack Bauer gefst ekki upp fyrr en í fulla hnefana. Góð upphitun fyrir nýja seríu sem hefst í maí.

Gangster Squad
Bíóstöðin kl. 22.00



Toppmynd frá 2013 með Josh Brolin, Ryan Gosling, Emma Stone og Sean Penn.

DEATH COMES TO PEMBERLEY

Stöð 2 - miðvikudag kl. 20.10,
fimmtudag kl. 20.10 og
föstudag kl. 20.10

Framhaldsmyndin Death Comes to Pemberley er byggð á samnefndri sögu eftir P.D. James sem er í hópi frægustu rithöfundna Breta. Myndin var sýnd á BBC um jólin og hlaut mikið lof gagnrýnenda. Höfundurinn fær lánaðar söguhetjurnar úr Pride and Prejudice eftir Jane Austin og bætir við morðgátu að hætti Breta. Fyrsti hluti er sýndur á miðvikudag, annar á skírdag og þriðji á föstudaginn langa.



FIMMTUDAGUR 17. APRÍL

Friends With Better Lives (1:13)
Stöð 2 kl. 19.45



Glæný gamanþáttaröð um sex vini sem allir eru á ólíkum stöðum í lífinu og halda þeir að hinir í vinahópnum lifi meira spennandi lífi.

Now You See Me

Skírdag kl. 21.15
Mögnuð mynd frá 2013 um hóp eitursnjallra töframanna sem fremja bankarán í miðri sýningu og dreifa ránsfengnum til áhorfenda.

Stoker

Skírdag kl. 23.10



Spennutryllir frá 2013 með Mia Wasikowska, Nicole Kidman, Matthew Goode og Dermot Mulroney í aðalhlutverkum.

Chéri

Stöð 3 kl. 21.20
Skemmtileg mynd frá 2009 með Michelle Pfeiffer, Rupert Friend og Kathy Bates í aðalhlutverkum. Leikstjóri er Stephen Frears.

Without a Trace (7:24)

Gullstöðin kl. 21.45
Önnur röð þessara vinsælu glæpaþátta sem fjalla um sérstaka deild innan FBI sem rannsakar mannhvörf.

Harry Potter and the Philosopher's Stone

Bíóstöðin kl. 19.30
Fyrsta myndin um galdrastrákinn Harry Potter og ævintýri hans

Broken City

Bíóstöðin kl. 22.00



Spennumynd frá 2013 með Mark Wahlberg og Russell Crowe í aðalhlutverkum. Spilltur borgarstjóri fær fyrrum lögreglumann til að fylgjast með eiginkonu sinni.

Ríó

Krakkastöðin kl. 19.00
Bráðskemmtileg teiknimynd frá höfundum myndanna um Ísöldina.

FÖSTUDAGUR 18. APRÍL

Blue Jasmine
Stöð 2 kl. 21.05



Cate Blanchett hlaut Óskarsverðlaunin fyrir leik sinn í þessari frábæru mynd frá 2013. Hún leikur konu sem neyðist til að flytja inn til systur sinnar eftir að eiginmaðurinn sparkar henni.

This is The End

Stöð 2 kl. 22.40



Bráðfyndin gamanmynd frá 2013. Það er parti heima hjá leikaranum James Franco þar sem Seth Rogen, Jay Baruchel og félagar þeirra eru að skemmta sér þegar undarlegir atburðir gerast.

American Idol (29:37)

Stöð 3 kl. 20.35
Fjörð heldur áfram í American Idol en núna þarf einn söngvari að yfirgefa sviðið.

Djúpið

Bíóstöðin kl. 22.00



Verðlaunamynd með Ólafi Darra í aðalhlutverki. Myndin er byggð á sögu Guðlaugs Friðþórssonar sem tókst að synda til lands þegar Hellisey sökk austur af Heimaey í mars árið 1984. Leikstjóri er Baltasar Kormákur.

Street Dance

Stöð 3 kl. 20.55
Skemmtileg mynd frá 2010 þar sem dansinn ræður ríkjum. Götudansarar og balletdansarar þurfa að taka höndum saman fyrir stóra danskeppni.

Arthur 3

Krakkastöðin kl. 19.00



Spennandi barnamynd um Artúr og Mínimóana. Nú þarf Artúr að berjast við illmennið Maltasar.

LAUGARDAGUR 19. APRÍL

The Croods
Stöð 2 kl. 18.55



Stórskemmtileg teiknimynd með íslensku tali. Fylgist með fyrstu fjölskyldunni í sögunni, og ferðalagi sem þau fara í eftir að hellirinn þeirra er eyðilagður.

Jack the Giant Slayer

Stöð 2 kl. 20.40
Stórbrotin ævintýramynd frá 2013 um bóndason og prinsessu sem lenda í ævintýri sem gæti endað með stríði á milli mannkyns og trölla.

White House Down



Stöð 2 kl. 22.35
Spennumynd frá 2013 með Channing Tatum, Jamie Foxx og Maggie Gyllenhaal í aðalhlutverkum. Ráðist er á hvíta húsið en lögreglumaðurinn John Cale gefst ekki upp baráttulaust.

Up All Night (1:11)

Stöð 3 kl. 20.10
Önnur þáttaröðin um skötuþjúin Chris og Reagan sem glíma við foreldrahlutverkið.

Haunting of Molly Hartley

Stöð 3 kl. 21.55



Spennutryllir frá 2008 með Chace Crawford úr Gossip Girl í aðalhlutverki.

Entourage (8:12)

Gullstöðin kl. 21.45
Skemmtileg þáttaröð um unga Hollywood-stjörnu og fylgdarlið hennar.

Aviator

Bíóstöðin kl. 22.00



Stórmynd frá 2004 með Leonardo DiCaprio í hlutverki auðkífingsins Howards Hughes. Hann hafði mikinn áhuga á flugi og sló fjölmörg hraðamet og stofnaði flugfélag.

GLÆSILEG PÁSKADAGSKRÁ Á STÖÐ 2



Páskadagskráin á Stöð 2 verður glæsilegri en nokkru sinni fyrr með stórfenglegum tónlistarviðburði í Hörpu, breskri framhaldsmynd af bestu gerð og frábærum kvikmyndum bæði fyrir börn og fulloröna.

Áskrifendur Stöðvar 2 eiga góða páska í vændum. Vinsælustu framhaldspættirnir verða á sínum stað en auk þess verður dagskráin krydduð með skemmtilegum viðburðum.

Hátíðardagskráin hefst miðvikudaginn 16. apríl með fyrsta hluta framhaldsmyndarinnar *Death Comes to Pemberley* sem frumsýnd var á BBC um sl. jól og vakti verðskuldaða athygli. Vinsælasta erlenda þáttaröð Stöðvar 2, *Grey's Anatomy*, er einnig á sínum stað á miðvikudeginum.

Á skírdag hefur nýr bandarískur gamanþáttur göngu sína en hann kallast *Friends With Better Lives* og hefur honum verið líkt við hina sívinsælu þætti *Friends*.

Ein skemmtilegast kvikmynd síðasta árs, *Now You See Me*, verður sýnd á skírdag, sem og spennumyndin *Stoker* með Nicole Kidman. Logi Bergmann verður með Páskabombuna á föstudaginn langa og síðan tekur við kvikmyndin

Blue Jasmine sem færði Cate Blanchett Óskarsverðlaunin fyrir aðalhlutverkið.

Teiknimyndin *The Croods* er á dagskrá laugardaginn 19. apríl og strax í kjölfarið stórmyndin *Jack and the Giant Slayer*, sem byggð er á ævintýrinu um Jóa og baunagrasíð. Síðar um kvöldið er spennumyndin *White House Down* með Jamie Foxx og Channing Tatum í aðalhlutverkum.

Á páskadag verður sýnd upptaka frá glæsilegum afmælistónleikum Eimskipafélags Íslands þar sem margir af ástsælustu tónlistarmönnum landsins koma fram. Þættirnir *Mr. Selfridge* og *The Following* eru á sínum stað og síðan er komið að stórmyndinni *The Great Gatsby* með Leonardo DiCaprio og Tobey Maguire í aðalhlutverkum.

Annan í páskum verður síðan gamanmyndin *Grown-Ups 2* og glænýr þáttur af *Game of Thrones* á dagskrá.



Death Comes to Pemberley

Miðvikudaginn 16. apríl, skírdag og föstudaginn langa kl. 20.10
Bresk framhaldsmynd í þremur hlutum sem sýndir verða miðvikudaginn 16. apríl, skírdag og föstudaginn langa.



The Croods

Laugardaginn 19. apríl kl. 18.55

Frábær teiknimynd með íslensku tali sem gerist í fornöld og segir frá frumbyggjum sem höfðu aldrei tekið áhættu í lífinu og farið út fyrir hellinn sinn. Dag einn grípa örlögin og náttúran þó í taumana og Croods-fjölskyldan heldur í ævintýrlegt ferðalag.



Now You See Me

Skírdag kl. 21.15

Toppmynd sem sló eftirminnilega í gegn í bíó. Hún fjallar um hóp sjónhverfingameistara sem fremja ótrúlegt bankarín.

Blue Jasmine

Föstudaginn langa kl. 21.15

Mögnuð mynd með Cate Blanchett í aðalhlutverki. Hún leikur konu sem lifði hinu ljúfa lífi í New York en missir fótanna í lífinu þegar hún tapar öllu og neyðist til að flytja inn til systur sinnar sem hún hefur ekki virt viðlits um langt skeið. Blanchett hlaut Óskarsverðlaunin fyrir frammistöðu sína í myndinni.



Stórmynd með Leonardo DiCaprio á Stöð 2 á páskadag



THE GREAT GATSBY



Páskadag kl. 22.00

Leonardo DiCaprio og Tobey Maguire leika aðalhlutverkin í stórmyndinni The Great Gatsby sem sýnd verður á páskadagskvöld. Myndin segir frá rithöfundinum Nick Carraway sem fer frá miðvesturríkjum Bandaríkjanna til New York vorið 1922, þegar djassinn og hið ljúfa líf ræður ríkjum í borginni. Nágranni Nicks í New York er hinn dularfulli milljónamæringur Jay Gatsby, og dregst Nick inn í heim hinna ofurríku, heim

sjónhverfinga, ásta og svika. Gatsby heldur miklar veislur á setri sínu en lætur sjálfur lítið fyrir sér fara, enda hafa fæstir þeirra sem sótt hafa veislurnar hitt hann í eigin persónu. Þeir Nick og Gatsby verða fljótlega ágætir vinir en um leið fer í gang atburðarás sem á eftir að verða örlagarík fyrir allar þær aðalpersónur sem við sögu koma.

EINSTÖK HÚS OG HÖNNUN

Lífsstílsþátturinn Grand Design hefur göngu sína á Stöð 3 þriðjudaginn 29. mars. Þættirnir hafa notið mikilla vinsælda í Bretlandi í meira en áratug og stjórnandi þáttanna, Kevin McCloud, er einn þekktasti sjónvarpsmaður Bretlands.



3 GRAND DESIGN
HEFST 29. APRÍL

Grand Design eru skemmtilegir þættir þar sem fylgst er með fólki sem ákveður að ráðast í stórframkvæmdir við híbýli sín. Oftast er um að ræða óvenjulegar byggingar og flóknar framkvæmdir.

Kevin McCloud hefur verið kynnr þáttanna frá því þeir fóru fyrst í loftið í apríl 1999 en áhorfendur Stöðvar 3 koma til leiks í tíundu þáttaröð.

McCloud hittir fólk sem er að hefja framkvæmdir, skoðar aðstæður, ræðir hugmyndir þeirra, kostnaðinn og fer yfir teikningar. Eftir að framkvæmdir hefjast heimsækir hann fólkið öðru hvoru og fylgist með gangi mála.

Áhorfendur fá að fylgjast með ferlinu frá upphafi til enda og útkoman kemur oft á óvart.

„Þegar ég gerði fyrstu þáttaröðina taldi ég nokkuð víst að það myndi enginn horfa á þættina. Núna er ég búinn að gera 13 þáttaraðir og fólk virðist ennþá elska þættina. Þeir eru sýndir í 145 löndum, það eru haldnar Grand Design-sýningar og búið að gera ástralska útgáfu af þáttunum,“ segir McCloud.

Sjálfur segist hann aldrei hafa grætt á viðskiptum með fasteignir. „Það er ástæðan fyrir því að ég geri ekki þætti um fasteignir. Ég geri þætti um arkitektúr og hönnun á heimilum.“

HUNDRAÐASTI

Verðlaunaþáttaröðin Glee snýr aftur á Stöð 3 mánudaginn 31. mars og það er mikið fjór framundan. Hundraðasti þátturinn af Glee verður sýndur um páskana og þá mætir fjöldi flottra gestaleikara.

Meðal þeirra sem leika í 100. þættinum af Glee eru Óskars-verðlaunaleikkonan Gwyneth Paltrow og Gossip Girl-leikarinn Chace Crawford. Paltrow hlaut Emmy-verðlaunin fyrir gestahlutverk sitt í þáttunum fyrir tveimur árum en hún leikur forfallakennarann Holly Holliday sem snýr aftur í McKinley-menntaskólann í kjölfar þess að Sue Sylvester

(Jane Lynch) tekst loksins að leggja niður Glee-klúbbinn. Söngelsku unglíngarnir hafa þó ekki sungið sitt síðasta og framundan er sannkölluð tónlistarveisla þar sem allt er lagt í sölnar til að bjarga Glee-klúbbnum.

Í þættinum koma fram margir fyrrum meðlimir klúbbsins, svo sem Puck (Mark Salling), Quinn (Dianna Agron), Mike (Harry



HLUTVERKASKIPTI

Gamanþáttaröðin Up All Night hefur göngu sína á Stöð 3 laugardaginn 19. apríl.

Þetta er önnur þáttaröðin um skötu hjúin Reagan og Chris sem glíma við foreldrahlutverkið og allt sem því fylgir. Í fyrstu þáttaröðinni fór Reagan út á vinnumarkaðinn eftir að hafa eignast barn en Chris ákvað að vera heima og sjá um uppeldið. Núna verða hlutverkaskipti og Chris heldur aftur í vinnu en Reagan reynir fyrir sér sem húsmóðir. Strax í fyrstu viku fer allt á annan endann og útkoman er kostuleg. Aðalhlutverkin leika Will Arnett, Christina Applegate og May Rudolph.



3 UP ALL NIGHT
HEFST 19. APRÍL

SVEITASTRÁKUR

Breski leikarinn Charlie Hunnam leikur aðalhlutverkið í þáttaröðinni Sons of Anarchy sem snýr aftur á Stöð 3 í apríl. Hann er fluttur burt frá glamúrnum í Hollywood og býr á bóndabæ með unnustu sinni.

Charlie Hunnam er frá Newcastle á Englandi en flutti til Los Angeles fyrir áratug til að freista gæfunnar í leiklistinni. Núna er hann búinn að fá nóg af lífinu í stjörnuborginni og sl. sumar keypti hann sér bóndabæ og flutti í sveitina ásamt unnustu sinni, skartgriphönnuðinum Morgana McNeilis. „Ég fer ekki í parti og ég skemmti mér ekki með Hollywood-líðinu. Ég hef ekki áhuga á slíku rugli. Við keyptum okkur bóndabæ í Kaliforníu og erum með 30 hænsni, tvo asna og nokkrar endur auk þess sem við erum með stóran lífrænan garð,“ segir Hunnam.



ÞÁTTURINN

Shum Jr.), Brittany (Heather Morris) og Mercedes (Amber Riley) auk minnisstæðra gestaleikara eins og April Rhodes (Kristen Chenoweth). Fluttar verða nýjar útgáfur af nokkrum af vinsælustu lögum þáttanna í gegnum tíðina en ákveðið var að kalla eftir aðstoð áhorfenda við að velja tíu lög sem aðdáendurnir vildu helst sjá aftur.

Á lagalistaðnum eru m.a. löginn Raise Your Glass, Defying Gravity, Toxic, Keep Holding On og Happy. Einnig verður ný útgáfa af laginu Don't Stop Believing sem Finn


Hudson (Cory Monteith) flutti í fyrsta þættinum og var í raun upphafið að vinsældum Glee. Flutningur á þessu klassíska Journey-lagi vakti blændnar tilfinningar hjá mörgum úr leikaraliðinu eftir sviplegt fráfall Monteith í júlí á sl. ári.

„Það er skritið að flytja þetta lag án þess að hann sé með okkur,“ segir Matthew Morrison sem leikur kennarann og upphafsmann Glee-klúbbsins, Will Schuester.

Hundraðasti þátturinn verður sýndur 21. apríl en veisluhöldin ná yfir tvo þætti og verður sá síðari sýndur 28. apríl.



3 GLEE
HEFST 31. MARS



3 TRUE BLOOD
HEFST 25. APRÍL

LOSTAFULLAR VAMPÍRUR

Þáttaröðin True Blood snýr aftur og verður nú á dagskrá Stöðvar 3 á föstudagskvöldum. Þessi magnaða þáttaröð hefur verið meðal vinsælustu þátta HBO í Bandaríkjunum undanfarin ár.

Sögusviðið í True Blood er smábær í Louisiana þar sem menn og vampírur búa saman en þó kannski ekki beint í sátt og samlyndi. Þetta eru sjóðheitir þættir með seiðandi kynlífssenum sem vakið hafa mikla athygli.

Anna Paquin leikur hina lostafullu Sookie Stackhouse en eiginmaður hennar, Stephen Moyer, leikur vampíruna Bill Crompton. Þau kynntust við tókur á fyrsta þættinum í þáttaröðinni árið 2007 og það varð strax neistaflug á milli þeirra.

Paquin vakti mikla athygli þegar hún lýsti

því yfir vorið 2010 að hún væri tvíkynhneigð og yrði ávallt hrifin af bæði körlum og konum. Það hafði þó engin áhrif á sambandið og hún giftist Moyer skömmu síðar. „Þetta var aldrei neitt leyndarmál,“ segir Moyer og rifjar upp að hún sagði honum frá kynhneigð sinni strax í upphafi sambandsins. Sjálf segist Paquin njóta þess þegar bæði karlar og konur sýni eiginmanni hennar áhuga. „Það er kannski eitthvað að mér en mér finnst gaman að sjá bæði karla og konur sýna honum mikinn áhuga,“ segir Paquin.



3 SONS OF ANARCHY
HEFST 4. APRÍL

MENNTAMAÐUR

Grínistinn Joel McHale fer fyrir flottu leikaraliði í þáttunum Community sem hefja göngu sína á Stöð 3 í kvöld.

McHale leikur sjarmörinn Jeff Winger sem hafði starfað sem lögfræðingur án þess að hafa tilskilin réttindi og neiddist því til að setjast aftur á skólabekk. Jeff er tungulipur kvennaljómi sem beitir öllum brögðum til að sleppa við að þurfa að leggja eitthvað á sig við námið.

Sjálfur var McHale ágætis námsmaður en hann er með BA-gráðu í sögu frá University of Washington. Hann er líka af miklu menntafólki því pabbi hans var skólameistari í háskóla í Róm á Ítalíu, þar sem McHale er fæddur.



3 COMMUNITY
HEFST 28. MARS

Sannkölluð veisla á Stöð 2 Sport

ÓMISSANDI ÍÞRÓTTA- VIÐBURÐIR

Úrslitakeppni Dominos-deildar karla og kvenna

Lokamótin í meistaradeild íslenska hestsins

8-liða og undanúrslit í Meistaradeildinni

8-liða og undanúrslit í Evrópudeildinni

Baráttan um titilinn í spænska boltanum

Undanúrslit í FA-bikarnum

Úrslitakeppnin hefst í NBA

Þrjár keppnir í Formúlunni

Tvö hörkuspennandi UFC-kvöld

Strákarnir okkar í þýska bikarnum

Það verður nóg um að vera á Stöð 2 Sport í apríl. Fótboltaveislan heldur áfram í Meistaradeildinni og Evrópudeildinni, úrslitakeppnin í NBA hefst og spennan nær hámarki í úrslitakeppni Dominos-deildar karla og kvenna í körfubolta.

Í apríl fara fram bæði 8-liða og undanúrslitin í Meistaradeildinni og Evrópudeildinni. Undanúrslitin í ensku bikarkeppninni fara fram á Wembley þar sem Arsenal er eina stórlíðið sem eftir stendur í keppninni. Á Spáni stendur baráttan um titilinn á milli Real Madrid, Barcelona og Atlético

Madrid og það eru toppleikir um hverja helgi.

Auk fótboltans verða beinar útsendingar frá körfubolta, kappakstri bæði á bílum og mótorhjólum, Meistaradeild íslenska hestsins, bardögum í UFC og stórskemmtileg bikarhelgi í þýska handboltanum.



Á BAK VIÐ TJÖLDIN MEÐ ÍSLENSKUM DÓMURUM

Þriðja liðið er ný sjónvarpsþáttaröð um knattspyrnudómara sem sýnd verður á Stöð 2 Sport í apríl. Íslenskum dómara er fylgt eftir bæði innan og utan vallar og áhorfendur fá m.a. að sjá samskipti hans við aðstoðardómara og leikmenn.

Þriðja liðið er þáttur þar sem skyggst er á bak við tjöldin í störfum dómara á Íslandi. Kvikmyndagerðarmenn fylgdust með störfum eins umtalaðasta dómara landsins, Þórodds Hjaltalín jr.

Í þáttunum fá áhorfendur nýja sýn á störf dómara. Honum er fylgt eftir bæði innan og utan vallar. Farið er með dómurum á æfingar, ráðstefnur og fylgst með undirbúningi fyrir leiki. Áhorfendur fá einnig að heyra samskipti dómara og aðstoðardómara á meðan á leikjum stendur og samskipti þeirra við leikmenn. Hvað fer fram inni í klefa í hálfleik og eftir

leiki og hvernig eru samskiptin við eftirlitsdómara?

Í þáttunum er rætt við marga af þekktustu dómurum landsins auk þess sem þáttastjórnendur ræddu við Howard Webb, Mark Clattenburg og Mike Riley sem fótboltaáhugamenn þekkja vel úr enska boltanum.

Það er margt sem mun koma áhorfendum á óvart í þessum mögnuðu þáttum og ljóst að líf dómara er ekki alltaf dans á rósum. Þættirnir eru fjórir og verða sýndir á fimmtudagskvöldum kl. 21.00 en fyrsti þátturinn er á dagskrá 10. apríl.



Stórleikir framundan á Stöð 2 Sport 2

RÁÐAST ÚRSLITIN Á ANFIELD?



Það stefnir í rosalegan lokasprett í ensku úrvalsdeildinni þar sem fjögur félög berjast um Englandsmeistaratítilinn. Aðdáendur Liverpool gera sér vonir um fyrsta meistaratítilinn í 23 ár en á næstu vikum á liðið þrjá risaleiki á Anfield Road.

Það eru spennandi tímar framundan í enska boltanum. Liverpool á heimaleiki gegn Tottenham, Manchester City og Chelsea áður en apríl er á enda og það er ekki ólíklegt að úrslitin í deildinni ráðist í þessum leikjum á Anfield. Rauði herinn á einnig útileiki gegn Norwich og West Ham í apríl.

Manchester City á fleiri leiki eftir en hin toppliðin og það verður skammt stórra høgga á milli hjá félaginu sem leikur sjö leiki á næstu fjórum vikum. Auk leiksins gegn Liverpool á Anfield á liðið eftir að heimsækja Arsenal núna um helgina. City á einnig eftir að mæta Southampton, Sunderland og West Brom á heimavelli auk útileiks gegn Crystal Palace í apríl.

Chelsea á líklega auðveldasta leikjaplanið í apríl af toppliðunum fjórum. Liðið mætir Stoke og Sunderland á Stamford Bridge auk útileikja gegn Crystal Palace og Swansea áður en það kemur að rímmunni við Liverpool á Anfield í lok maí.

Arsenal hefur lokasprettinn gegn Manchester City núna um helgina en á eftir að heimsækja Everton og Hull auk heimaleikja gegn West Ham og Newcastle.

ALLIR LEIKIR TOPPLIÐANNA ÚRVALSDEILDINNÍ Í APRÍL

Chelsea

29. mars	C. Palace - Chelsea	14:00
5. apríl	Chelsea - Stoke	16:30
13. apríl	Swansea - Chelsea	15:00
20. apríl	Chelsea - Sunderland	13:05
27. apríl	Liverpool - Chelsea	13:05

Manchester City

29. mars	Arsenal - Man. City	16:30
5. apríl	Man. City - Southampton	11:45
13. apríl	Liverpool - Man. City	12:30
16. apríl	Man. City - Sunderland	18:45
21. apríl	Man. City - West Brom	19:00
27. apríl	C. Palace - Man City	15:10

Liverpool

30. mars	Liverpool - Tottenham	15:00
6. apríl	West Ham - Liverpool	15:00
13. apríl	Liverpool - Man. City	12:30
20. apríl	Norwich - Liverpool	11:00
27. apríl	Liverpool - Chelsea	13:05

Arsenal

29. mars	Arsenal - Man. City	16:30
6. apríl	Everton - Arsenal	12:30
15. apríl	Arsenal - West Ham	18:45
19. apríl	Hull - Arsenal	16:30
28. apríl	Arsenal - Newcastle	19:00

Tottenham

30. mars	Liverpool - Tottenham	15:00
7. apríl	Tottenham - Sunderland	19:00
12. apríl	West Brom - Tottenham	14:00
19. apríl	Tottenham - Fulham	11:45
26. apríl	Stoke - Tottenham	14:00

Everton

30. mars	Fulham - Everton	12:30
6. apríl	Everton - Arsenal	12:30
12. apríl	Sunderland - Everton	14:00
16. apríl	Everton - C. Palace	18:45
20. apríl	Everton - Man. Utd	15:10
26. apríl	Southampton - Everton	11:45

Manchester United

29. mars	Man. Utd - Aston Villa	11:45
5. apríl	Newcastle - Man. Utd	14:00
20. apríl	Everton - Man. Utd	15:10
26. apríl	Man. Utd - Norwich	16:30

Newcastle United

29. mars	Southampton - Newcastle	14:00
5. apríl	Newcastle - Man. Utd	14:00
12. apríl	Stoke - Newcastle	14:00
19. apríl	Newcastle - Swansea	14:00
28. apríl	Arsenal - Newcastle	19:00

BROT AF ÞVÍ BESTA 20.–26. APRÍL

SUNNUDAGUR 20. APRÍL

Formúla 1
Stöð 2 Sport kl. 06.30



Bein útsending frá fjórðu keppni ársins í Formúlunni. Núna eru ökuþórnir komnir til Kína.

Enska úrvalsdeildin
Stöð 2 Sport 2 kl. 10.50

Sex tíma fótoltaveisla í beinni. Fyrst er það leikur Norwich og Liverpool. Leikur Chelsea og Sunderland hefst klukkan 12.55 og leikur Everton og Manchester United kl. 15.00.

Hátíðartónleikar Eimskips

Stöð 2 kl. 18.50
Upptaka frá glæsilegum hátíðartónleikum sem haldnir voru í Eldborgarsal Hörpu í janúar í tilefni af 100 ára afmæli Eimskipafélags Íslands.

Mr. Selfridge (10:10)
Stöð 2 kl. 20.25



Lokapátturinn um auðmanninn Harry Selfridge, stofnanda stórverslunarinnar Selfridges, og það verður mikil dramatík.

The Following (13:15)
Stöð 2 kl. 21.15

Spennan magnast og Ryan Hardy gefst ekki upp í eltingaleikum við fjöldamorðingjann Joe Carroll.

Napoleon Dynamite (1:6)
Stöð 3 kl. 20.05

Teiknimyndasería fyrir fullorðna um 16 ára strák sem heldur að hann sé góður í öllu.

Made in Dagenham
Stöð 3 kl. 21.30



Skemmtileg bresk bíómynd frá 2010 um saumakonur hjá Ford sem fóru í verkfall árið 1968 og heimtuðu launajafnrétti.

Behind the Candelabra
Bíóstöðin kl. 22.00

Verðlaunamynd með Michael Douglas og Matt Damon.

MÁNUDAGUR 21. APRÍL

Grown Ups 2
Stöð 2 kl. 19.20



Bráðskemmtileg gamanmynd frá 2013 með Adam Sandler, Kevin James, Chris Rock og David Spade í aðalhlutverkum.

Game of Thrones (3:10)

Stöð 2 kl. 21.00
Valdabaráttan í Westeros heldur áfram. Mögnuð þáttaröð byggð á sögum eftir George R.R. Martin.

Enska úrvalsdeildin

Stöð 2 Sport 2 kl. 18.50
Bein útsending frá leik Manchester City og West Bromwich Albion í ensku úrvalsdeildinni. Messan með Gumma Ben hefst kl. 21.00.

Alpanon með Hjaltalín & Sinfóníuhljómsveit Ísland



Stöð 3 kl. 19.00
Upptaka frá glæsilegum tónleikum með Hljómsveitinni Hjaltalín og Sinfóníuhljómsveit Íslands árið 2010.

Bleep My Dad Says (1:18)
Stöð 3 kl. 19.50

Gamanþáttur með gamla brýninu William Shatner í aðalhlutverki.

Glee (12:22)

Stöð 3 kl. 20.50
Hundraðasti þátturinn af Glee og fjölmargir flottir gestaleikarar koma fram. Nokkur vinsælustu lög þáttanna eru endurflutt í nýjum útfærslum.

J. Edgar
Bíóstöðin kl. 22.00



Stórmynd frá 2011 með Leonardo DiCaprio í hlutverki hins harðsnúna J. Edgar Hoover, sem var yfirmaður bandarísku alríkislögreglunnar í tæp 50 ár. Leikstjóri myndarinnar er Clint Eastwood.

ÞRIÐJUDAGUR 22. APRÍL

Meistaradeild Evrópu
Stöð 2 Sport kl. 18.30



Bein útsending frá leik í undanúrslitum Meistaradeildar Evrópu.

Á fullu gazi 2 (3:6)

Stöð 2 kl. 20.10
Skemmtilegur þáttur um flotta bíla og önnur farartæki. Sigríður Elva Vilhjálmssdóttir og Finnur Thorlacius stýra þættinum.

The Mentalist (17:22)

Stöð 2 kl. 21.00
Spennandi þáttaröð um Patrick Jane sem notar einstaka athyglisgáfu til þess að leysa morðgátur.



The Smoke (3:10)

Stöð 2 kl. 21.45
Dramatísk þáttaröð um slökkviliðsmenn í London. Það er ekki góður mórall í hópnum þegar útkall berst og slökkviliðsmennirnir þurfa að framkvæma áhættusama björgun.

Þriðjudagskvöld með Frikka Dór

Stöð 3 kl. 21.00
Frikki Dór og Ási taka á móti góðum gestum og slá á léttu strengi.

Basketball Diaries
Bíóstöðin kl. 22.00



Leonardo DiCaprio í áhrifamikilli mynd frá 1995 sem byggð er á sjálfsvævisögu ljóðskáldsins Jim Carroll. Hann var efnilegur í körfubolta en ánetjaðist heróíni og leiddist inn á hættulegar brautir.

Hetjur Valhallar - Þór
Krakkastöðin kl. 19.00

Skemmtileg teiknimynd um hinn unga og efnilega Þór og hamarinn hans, Mjölni. Núna þurfa þeir að taka á öllu sem þeir eiga til að bjarga heiminum.

The Great Gatsby

Stöð 2 páskadag kl. 22.00

Stórmynd frá 2013 með Leonardo DiCaprio og Tobey Maguire í aðalhlutverkum. Sögusviðið er New York árið 1925 þegar djassinn og hið ljúfa líf ræður ríkjum í borginni. Rit höfundurinn Nick Carraway flytur í stórborgina þar sem hann kynnist hinum dularfulla milljónamæringi Jay Gatsby. Fljótlega dregst Nick inn í heim hinna ofurríku, heim sjónhverfinga, ásta og svika. Leikstjóri er Baz Luhrmann.

MÍÐVIKUDAGUR 23. APRÍL

Heimsókn (25:30)
Stöð 2 kl. 20.30



Heimilin sem Sindri Sindrason heimsækir eru jafn ólík og þau eru mörg en eiga það þó öll sameiginlegt að vera sett saman af alúð og smekklegheitum.

Grey's Anatomy (20:24)
Stöð 2 kl. 20.50

Vinsælasti erlendi þáttur Stöðvar 2 undanfarin ár. Dramatíkin heldur áfram hjá læknum.

Rita (7:8)

Stöð 2 kl. 21.35
Rita og Rasmus reyna að bjarga sambandinu en saklaus fundur með samstarfsmanni hefur óvæntar afleiðingar.

Believe (5:13)
Stöð 2 kl. 22.20

Spennandi þáttaröð um tíu ára stúlku með einstaka hæfileika.

Arrow (19:24)

Stöð 3 kl. 20.50
Oliver Queen heldur áfram baráttunni gegn illmennum í þessum magnaða myndaflokki.

Midnight Run
Bíóstöðin kl. 22.00



Kvikmynd frá 1988 með Robert DeNiro og Charles Grodin í aðalhlutverkum. Bókhaldari mafíunnar er með alla á hælunum.

Hvíti kóalabjörninn
Krakkastöðin kl. 19.00

Skemmtileg teiknimynd um hvítan kóalabjörn sem er strítt á litarafti sínu og ákveður að ganga til liðs við ferðasirkus.



Meistaradeild Evrópu
Stöð 2 Sport kl. 18.30



Bein útsending frá leik í undanúrslitum Meistaradeildarinnar. Þetta er fyrri leikurinn í undanúrslitum.

Hamingjan sanna (4:8)
Gullstöðin kl. 19.50



Íslensk þáttaröð í umsjá Ásdísar Olsen sem byggð er á metsölubókinni Meiri hamingja.



How I Met Your Mother (1:24)
Stöð 2 kl. 20.05

Niúnda og jafnframt síðasta þáttaröðin um vinina Lily, Robin, Ted, Marshall og Barney og söguna góðu af því hvernig Ted kynntist barnsmóður sinni.

FIMMTUDAGUR 24. APRÍL

NCIS (10:24)
Stöð 2 kl. 21.30



Stórgóðir og léttir spennuþættir sem fjalla um Leroy Jethro Gibbs og félagar hans í rannsóknardeild bandaríska sjóhersins.

Person of Interest (13:23)
Stöð 2 kl. 22.15

Spennandi þáttaröð um fyrrverandi útsendara bandarísku leyniþjónustunnar og dularfullan vísindamann sem leiða saman hesta sína með það að markmiði að koma í veg fyrir glæpi.

Evrópudeildin
Stöð 2 Sport kl. 19.00



Bein útsending frá leik í undanúrslitum Evrópudeildarinnar.

Lífsstíll (7:7)
Stöð 3 kl. 19.30
Fróðlegur og skemmtilegur þáttur um tísku og lífsstíl. Það er Theódóra Mjöll Skúladóttir sem hefur umsjón með þættinum.

American Idol (30:37)
Stöð 3 kl. 20.00

Það fækkar í hópnum og núna þurfa keppendur að standa sig til að komast áfram í keppninni.

Seinfeld (17:22)
Gullstöðin kl. 18.50
Jerry, George, Elaine og Kramer halda uppteknum hætti í einum vinsælasta gamanþætti allra tíma.



The Sessions
Bíóstöðin kl. 22.00
Kvikmynd frá 2012 um ungan mann með járnlunga sem ræður kynlífsráðgjafa til að hjálpa sér að upplifa kynlíf. Aðalhlutverkin leika Helen Hunt og John Hawkes.

Fuglaborgin
Krakkastöðin kl. 19.00
Teiknimynd með íslensku tali um ungan fálka sem þarf að beita allri sinni kunnáttu til að bjarga fuglaborginni.

FÖSTUDAGUR 25. APRÍL

The Mask of Zorro
Stöð 2 kl. 20.10



Ævintýramynd frá 1988 með Antonio Banderas, Anthony Hopkins og Catherine Zeta-Jones í aðalhlutverkum.

The Samaritan
Stöð 2 kl. 22.25
Spennutryllir með Samuel L. Jackson í aðalhlutverki. Hann leikur fyrrverandi svikahrapp sem sleppur úr fangelsi eftir 25 ára dvöl bak við lás og slá en draugar fortíðar elta hann uppi.

True Blood (1:12)
Stöð 3 kl. 20.55



Mögnuð þáttaröð sem gerist í smábæ í Louisiana þar sem menn og vampírur búa saman en þó kannski ekki beint í sátt og samlyndi.

Parker
Bíóstöðin kl. 22.00



Spennumynd frá 2013 með Jeremy Statham og Jennifer Lopez í aðalhlutverkum.

Two and a Half Men (4:19)
Gullstöðin kl. 19.40
Geysivinsæl gamanþáttaröð með Ashton Kutcher og Jon Cryer í aðalhlutverkum.

Mörgæsinar frá Madagaskar
Krakkastöðin kl. 07.25, 11.25 og 15.25

Skemmtilegur teiknimyndaflokkur um úrræðagóðar mörgæsir sem ráða ríkjum í dýragarðinum sínum.



LAUGARDAGUR 26. APRÍL

Enska úrvalsdeildin
Stöð 2 Sport 2 kl. 11.35



Fótboltaveisla sem hefst með leik Southampton og Everton. Gylfi Sigurðsson og félagar hans í Tottenham heimsækja Stoke kl. 14.00 og Manchester United fær Norwich í heimsókn kl. 16.30.

Judy Moody and the Not Bummer Summer
Stöð 2 kl. 19.50
Skemmtileg fjölskyldumynd frá 2011 um stelpu í þriðja bekk sem lendir í ýmsum ævintýrum.

Butter
Stöð 2 kl. 21.20



Gamanmynd frá 2011 með Jennifer Garner, Ty Burrell, Olivia Wilde, Alicia Silverstone og Hugh Jackman í aðalhlutverkum.

Underworld: Awakening
Stöð 2 kl. 22.50
Spennandi hasarmynd frá 2012 með Kate Beckinsale í aðalhlutverki. Þetta er þriðja myndin um hörkukvendið Selenu sem hefur leitt baráttu vampíranna fyrir tilverurétti sínum.

Skyline
Stöð 3 kl. 21.50
Spennumynd frá 2010. Kvöld eitt birtast undarleg ljós yfir Los Angeles borg og kemur fljótt á daginn að um fjölmörg og gríðarstór geimskip er að ræða.

Bullet to the Head
Bíóstöðin kl. 22.00



Spennumynd með Sylvester Stallone í aðalhlutverki. Eftir að félagar þeirra eru myrtir ákveða leigumörðingi og lögreglumaður að taka höndum saman í baráttunni við sameiginlegan óvin.

UFC
Stöð 2 Sport kl. 02.00
Bein útsending frá meistara-deildinni í blönduðum bardagalistum, UFC. Aðalbardagi kvöldsins er viðureign Jons Jones og Glovers Teixeira.

VILD-fríðindakerfi 365

Engir punktar, engin aukakort og ekkert vesen!

A Um 20 fyrirtæki og verslanir eru í Vild og fer fjölgandi


B Afslátturinn kemur sjálfkrafa á kortaviðskiptin

C Í Vild færðu afsláttinn án þess að biðja um hann



Reglulega eru dregnir út glæsilegir vinningar. Við drögum út 100 Bónus-jólaþakörfur í desember, 100 þriggja mánaða heilsuræktarkort í World Class í mars og munum draga út 46" Samsung-sjónvarp í hverjum mánuði fram að nóvember 2014 auk annarra vinninga sem við drögum reglulega út, út þetta ár. Hvert skráð debet- eða kreditkort í VILD gildir sem þátttökumiði.

Samstarfsaðilum í Vild fer fjölgandi og fjölbreytnin allsráðandi. Þar má finna eitthvað fyrir alla fjölskylduna. Allt frá fatahreinsun, ilmandi kaffi, bílapvotti, dekkjaskiptum og hjólbörðum yfir í líkamsrækt, hjólræði, ævintýraferðir til erlendra áfangastaða og ódýrari hótélherbergi erlendis. 10-11 opið allan sólahringinn, Olís, ÓB og ekki má gleyma SmáraTívolíinu og Skemmtigarðinum í Grafarvogi fyrir krakkana. Fjöldi úrvals veitingastaða stendur einnig til boða og ekki má gleyma Michelsen úrsmið og Samsung-setrinu með sín úrvals Samsung-sjónvörp.



Allir áskrifendur sjónvarps- eða fjarskiptaþjónustu hjá 365 fá afslátt hjá fjölda fyrirtækja og verslana án þess að þurfa að biðja um hann. Það eina sem viðskiptavinir 365 þurfa að gera er að skrá debet- og kreditkort fjölskyldunnar í VILD á 365.is. Viðskiptavinir með sjónvarpsþakka hjá 365 eru því ekki aðeins að fá frí mánaðargjöld af internetþjónustu með sjónvarpsþökkum, heldur geta þeir einnig sparað sér umtalsverðar fjárhæðir með því að nýta sér þjónustu fyrirtækja og verslana í Vild.

Afsláttur um allan heim

Hotel Express er nýr samstarfsaðili í VILD.

Við viljum bjóða Hotel Express velkomin í hóp samstarfsaðila í VILD. Áskrifendur geta nú byrjað að skipuleggja ævintýrlegt sumarfrí í útlöndum.

HOTEL EXPRESS

Hotel Express býður áskrifendum að fá allt að 50% afslátt af gistingu um allan heim miðað við stærstu hótélbókunarsíður heims. Ef þú finnur betri kjör annars staðar á sams konar gistingu færðu misunninn endurgreiddan. Þannig að þú færð alltaf lægsta verðið. Sjá eitt af mörgum raundæmum sem við fundum með því að gera verðsamanburð við Hotels.com og Booking.com:

Grand Hotel Kaupmannahöfn (miðast við bókun 16. janúar)
4 nætur gisting fyrir tvo
Frá 19.–23. febrúar
Morgunmatar innifalinn
Frí afbókun

Hotel Express verð: 83.700 kr.
Hotels.com verð: 125.000 kr.
Booking.com verð: 134.100 kr.

Skráðu þig með því að fara á 365.is eða ho.hotel-express.com/vild og gerðu verðsamanburð í dag.



12:00 KOMIÐ Á POPP TV

Þættirnir 12:00 hafa vakið mikla athygli á YouTube og notið vinsælda meðal ungs fólks í landinu. 12:00 er kvikmyndaklúbbur Verslunarskóla Íslands þar sem markmið þeirra síðustu ár hefur verið að framleiða hágæða skemmtiefni í formi hálf tíma langra sketsaþátta.

„Þessir þættir hafa verið í gangi í Versló síðan árið 1996 þegar fyrsta 12:00-nefndin var stofnuð. Þeir hafa fyrst og fremst verið hugsaðir sem skemmti- og afþreyingarþættir fyrir Verslinga en eru nú á leiðinni í sjónvarp í fyrsta skipti,“ segir Nökkvi Fjalar Orrason, annar forsprakka 12:00 en þeir Egill Ploder Ottósson fara fyrir hópnum.

„Þetta verða sex þættir á Popp tv en þeir verða samsafn af bestu sketsum og atriðum 12:00 skólaáranna 2012 til 2013 og 2013 til 2014. Við munum taka út allan einkahúmor sem bara Vers-

lingar skilja og eftir standa þættir sem allir krakkar á menntaskóla- og grunnskólaaldri munu hafa gaman af.

Lögin fengið athygli

Sketsarnir í þáttunum eru sjálfstæðir og allir frumsamdir og enda þættirnir á tónlistarmyndbandi með góðu grínivafi. Lárus Örn Arnarson semur öll lögin í þáttunum og er hann mjög efni- legur tónlistarmaður,“ segir Egill.

Áhorf 12:00 á YouTube hefur verið ótrúlega gott og má nefna dæmi um tvö tónlistarmynd-

bönd sem hafa fengið um sextíu- þúsund áhorfendur hvort um sig. „Við endum alla þættina á lagi og myndbandi við það. Við höfum fengið mjög mikla athygli út á lögin og höfum verið að spila víða undanfarið, til dæmis á Söngvakeppni Samfés um daginn og á árshátíðum grunnskóla. Þar kannast flestir við lögin okkar og öll þessi athygli hefur komið okkur á óvart,“ segir Nökkvi.

Ótrúlegt YouTube áhorf

Markmið strákanna hefur verið að gera eitthvað meira úr starfi

12:00-nefndarinnar og þeir stefna hátt. Nú þegar er hægt að fá bæði geisladisk og app með efni sem nefndin hefur sent frá sér. Stöðin þeirra á YouTube er ein af þeim stöðvum með efni á íslensku sem hafa fengið hvað mest áhorf en um það bil 1,8 milljón sinnum hefur verið horft á efni frá þeim og vinsælasta lagið hefur verið spilað rúmlega 210 þúsund sinnum. Strákarnir hlakka mikið til að sjá hvernig þátturinn kemur út á Popp tv en fyrsti þátturinn verður sýndur í kvöld. „Þetta verður örugglega mjög skemmtilegt og við stefnum á að búa til meira svona efni í framtíðinni. Við ætlum að halda áfram að gera það sem við erum að gera núna nema með öðrum áherslum og formerkjum,“ segja þeir.

Lokaþáttur í beinni

„Lokaþáttur 12:00 verður sýndur beint á Popp tv þann 25. apríl næstkomandi. Hann verður sýndur á sama tíma í Versló og verður eflaust mikil spennan fyrir honum. Hann endar svo með einhverju svakalegu lokalagi fyrir sumarið. Lagið Sumartíminn var lokalagið í fyrra og viðbrögðin við því fóru fram úr öllum vonum.“

Að endingu vilja strákarnir skora á fleiri stelpur að taka þátt í starfi 12:00-nefndarinnar í framtíðinni en þeir hafa verið gagnrýndir fyrir að vera bara með stráka í nefndinni. „Það eru alltof fáar stelpur sem þora að mæta í inntökuvíðtölin, þær eru kannski eitthvað smeykari við að gera sig að fifli en strákarnir.“



Ferskir þættir á Popp tv

Sjónvarpsstöðin Popp tv hefur gengið í gegnum þónokkrar breytingar undanfarið. Útliti stöðvarinnar var breytt og merki Popp tv líka. Mikill kraftur hefur verið settur í innlenda dagskrárgerð og er margt spennandi framundan.

„Tónlist og dagskrárgerð er bæði innlend og erlend og sniðin að ungu fólki. Við erum með nokkra nýja þætti eins og Prófill, Á bak við borðin og Líf-ið,“ segir Pétur Örn Valmundarson, dagskrárstjóri Popp tv. Prófill er ferskur og skemmtilegur þáttur sem fjallar um ungt fólk sem er að gera flotta hluti. „Í hverjum þætti er einn einstaklingur tekinn fyrir og líf hans endurspeglar frá mismunandi sjónarhornum, talað við vini og ættingja og viðkomandi fylgt eftir í daglegu amstri og störfum,“ segir Sunneva Sverrisdóttir, stjórnandi þáttarins.

Sunneva segir þættina vera stílaða inn á ungt

fólk en að allir ættu að geta haft gaman af þeim þar sem áhugaverðir einstaklingar koma þar fram. „Við tölum við fólk úr mismunandi geirum mannlífsins en viðmælendur eiga það sameiginlegt að vera ungir og að vera að gera það gott á sínu sviði.

Lífið er daglegur sjónvarpsþáttur þar sem farið er yfir það helsta sem er að gerast þann daginn á landinu. „Við fylgjumst með öllu því sem er að gerast í menningunni, tónlistinni, leikhúsun-

um og félagslífinu almennt,“ segir Ósk Gunnarsdóttir, umsjónarmaður þáttarins.

„Þátturinn er alltaf með nýtt og ferskt efni þar sem hann er tekinn upp daglega. Hann er sýndur bæði í vefsjónvarpi Vísis og á Popp tv.“

Nokkrar af skærustu sjónvarpsstjörnum Íslands stígu sín fyrstu skref á Popp tv og mun stöðin áfram vera

stökkpallur fyrir þá sem vilja ná langt í sjónvarpi. „Á næstunni munum við einmitt kynna leik sem við verðum með þar sem við munum leita að næstu sjónvarpsstjörnu. Við hvetjum því alla þá sem hafa góða hugmynd að sjónvarpsþætti að koma henni til okkar á heima-

síðu stöðvarinnar, popptv.is. Það er til mikils að vinna, sigurvegararnir fá hálf milljón króna og samning við Popp tv um að framleiða þáttinn,“ segir Pétur.





| Fjölbreytt dagskrá

Hallaðu þér aftur, fram undan eru stórskemmtilegir páskar á Stöð 2!

Það verður ýmislegt góðgæti í boði um páskana

Frábærar bíómyndir, erlendir spennu- og grínþættir, vönduð íslensk dagskrá og fyrsta flokks talsett barnaefni. Þá rís ný stjarna þegar Þjóðin velur sitt upphaldsatriði í Ísland Got Talent.

Gæddu þér á bestu molunum okkar um páskana og fáðu þér áskrift á 365.is



JANUAR



Internet og heimasími fylgir sjónvarpsáskrift í þrjú ár!

Sex sjónvarpsstöðvar, internet og heimasími í þrjú ár, Tónlist.is í þrjá mánuði og aðild að Vild á aðeins 7.990 kr. Enginn binditími fyrir internet og heimasíma!

7.990 kr. + 0 kr.

Innifalið er 10GB erlent niðurhal og 100 mínútur í heimasíma. Þriggja mánaða uppsagnarfrestur er á Skemmtipakkanum. Greiða þarf 2.610 kr. aðgangsgjald.

180.000 kr. sparnaður
á 36 mánuðum

Fáðu þér áskrift!

365.IS